

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR

Myndlistarráð
2014

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR

Tækifæri og áskoranir við stofnun
sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar
myndlistar

Ásdís Spanó, verkefnisstjóri Myndlistarráðs, tók saman

Myndlistarráð
Reykjavík – nóvember 2014

Útgefandi: Myndlistarráð
Samantekt: Ásdís Spanó
Reykjavík 2014


FORMÁLI

Skýrsla þessi er unnin að frumkvæði Myndlistarráðs og er ætlað að leiða í ljós hvort þeir sem þekkingu hafa á sviði myndlistar telja æskilegt að stofna sérstaka Miðstöð íslenskrar myndlistar (MÍM) til þess m.a. að bæta starfsumhverfi myndlistar innanlands. Það er einnig markmið skýrslunnar að athuga hvort slík miðstöð getur stuðlað að því að ná settum markmiðum stjórnvalda samkvæmt myndlistarlögum, sem eru m.a. að stuðla að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og myndsköpun þeirra hér á landi og erlendis. (Myndlistarlög nr. 64/2012, 11. gr.)

Í niðurstöðum kemur fram að

- stofna þurfi nýja Miðstöð íslenskrar myndlistar til þess að efla myndlistarvettvang innanlands,
- fella þurfi hlutverk Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar (KÍM) undir hina nýju, þannig að aðeins verði um eina stofnun að ræða,
- auka þurfi fjárframlög til myndlistar svo hægt sé að stuðla að framgangi myndlistar innanlands og sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem lúta að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og myndsköpun þeirra hér á landi,
- skapa þurfi aukna samstöðu og samvinnu allra sem starfa við myndlist á Íslandi til þess að styrkja myndlistarvettvanginn hérlendis og skapa honum farsæla framtíð,
- reka þurfi öfluga upplýsingaveitu um viðburði á sviði myndlistar, um sýningar, málþing, ráðstefnur, rannsóknir og miðlun, bæði á íslensku og ensku, til þess að efla starfsumhverfi myndlistar á Íslandi.

Niðurstöður skýrslunnar verða kynntar á málþingi hinn 28. nóvember 2014 í Listasafni Reykjavíkur. Í kjölfarið hyggst Myndlistarráð vinna að tillögu um Miðstöð íslenskrar myndlistar í samræmi við niðurstöður þessara athugana og umræðna á málþinginu.



Kristján Steingrímur
formaður Myndlistarráðs

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	2
1 – TILDRÖG SKÝRSLUGERÐAR	5
2 – HELSTU STOFNANIR OG SJÓÐIR Á MYNDLISTARVETTvangi	7
LISTASAFN ÍSLANDS	7
LISTASAFN REYKJAVÍKUR.....	7
NÝLISTASAFNIÐ (NÝLÓ).....	7
MYNDLISTARRÁÐ.....	8
SAMBand ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA (SÍM).....	9
LISTFRÆÐAFÉLAG ÍSLANDS	9
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS.....	9
MYNDSTEF	10
LISTSKREYTINGASJÓÐUR	10
MYNDLISTARSJÓÐUR.....	10
STARFSLAUN LISTAMANNA / LAUNASJÓÐUR MYNDLISTARMANNA	11
MUGGUR	11
<i>Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM)</i>	11
3 – MIÐSTÖÐVAR LISTGREINA OG HÖNNUNAR Á ÍSLANDI	14
HANDVERK OG HÖNNUN	15
HÖNNUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS.....	16
ÍSLENSK TÓNVERKAMIÐSTÖÐ (ITM)	18
KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS.....	19
LEIKLISTARSAMBAND ÍSLANDS (LSÍ) / KYNNINGARMIÐSTÖÐ SVIÐSLISTAR (KÍS).....	20
MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA	21
ÚTFLUTNINGSSKRIFSTOFA ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR (ÚTÓN)	22
<i>Sameiginlegar áherslur íslensku miðstöðvanna</i>	25
4 – NORRÆNAR MIÐSTÖÐVAR	26
DANMÖRK	26
SVÍPJÓÐ	27
NOREGUR.....	27
FINNLAND	28
<i>Sameiginlegar áherslur kynningarmiðstöðva í öðrum norrænum ríkjum</i>	29
5 – UMRÆÐUFUNDIR / RÝNIHÓPAR	30
RÝNIHÓPUR 1 – GALLERÍ, SAFNARAR, ÚTGEFENDUR, UPPBOÐSHALDARAR.....	31
RÝNIHÓPUR 2 – SAFNAMENN, SÝNINGARSTJÓRAR	34
RÝNIHÓPUR 3 – MYNDLISTARMENN	37
RÝNIHÓPUR 4 – HÁSKÓLAMENN	40
<i>Pátttakendur í rýnihópum</i>	43
<i>Samantekt umræðna í rýnihópum</i>	46
6 – SVÓT-GREINING Á TÆKIFÆRUM OG ÁSKORUNUM VIÐ STOFNUN MÍM	48
STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR – INNRI ÁHRIF	49
TÆKIFÆRI OG ÓGNANIR – YTRI ÁHRIF	49
HLUTVERK MIÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR.....	53
GILDI MIÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR.....	54
7 – AÐ LOKUM	55
HEIMILDIR	57
MYNDAYFIRLIT.....	60

VIÐAUKI / MYNDLISTARÞING - STARFSUMHVERFI MYNDLISTAR, HORFT TIL

FRAMTÍÐAR	61
VINNUBORÐ OG UMRÆÐUR.....	65

1 – TILDRÖG SKÝRSLUGERÐAR

Í skýrslu þessari verður gerð grein fyrir helstu tækifærum og áskorunum við stofnun Miðstöðvar íslenskrar myndlistar (MÍM).¹ Fjallað verður um uppbyggingu og starfsemi kynningarmiðstöðva listgreina og hönnunar á Íslandi.² Dregin verða fram einkenni miðstöðvanna og kannað hvaða þættir í skipulagi þeirra og rekstri geta nýst við að setja á stofn nýja myndlistarmiðstöð. Fjallað verður um niðurstöður fjögurra rýnihópa þar sem menn með þekkingu á íslenskum myndlistarvettvangi voru fengnir til þess að ræða hvaða tækifæri og áskoranir fylgdu því að setja á stofn sérstaka myndlistarmiðstöð.

Í þingsályktun um menningarstefnu frá því í mars 2013 er meðal stefnuatriða að efla kynningarmiðstöðvar listgreina sem skuli leita eftir auknu samstarfi við systurstofnanir á Norðurlöndum og víðar. Þá skal listamönnum auðvelduð þátttaka í erlendu listalífi og eiga miðstöðvarnar að gegna þar verulegu hlutverki. (Alþingi 2013, liður IV, 1 og 3.) Skoðað verður hvernig MÍM gæti stuðlað að framgangi myndlistar, bæði innanlands og utan, og stutt við bakið á aðilum á myndlistarvettvangi hérlendis.

Skýrslan er samsett úr þremur þáttum. Fyrst er lýst starfsemi miðstöðva á Íslandi, þá gerð grein fyrir niðurstöðum fjögurra umræðu- eða rýnihópa um stofnun MÍM, og loks athugaðar fjórar norrænar miðstöðvar sem fást við myndlist. Að lokum er unnið úr þessum efnivið með greiningu og samantekt. Í viðauka er síðan að finna samantekt á umræðum sem áttu sér stað á Myndlistarþingi - starfsumhverfi myndlistar, horft til framtíðar sem haldið var í Listasafni Reykjavíkur þann 28. nóvember 2014 þar sem m.a. skýrsa Myndlistarráðs var kynnt.

Mánuðina maí og júní 2014 voru heimsóttar átta miðstöðvar á Íslandi og aflað upplýsinga um starfsemi þeirra og rekstur. Um miðjan maí 2014 var boðað til umræðufunda með rýnihópssniði og sótti þá fólk úr fjórum hópum af

¹ Þegar þörf þykir á eru hér í skýrslunni notuð þessi hugtök:

* *myndlistarvettvangur*: Störf að myndlist og samskipti þeirra sem starfa að myndlist, hvort heldur er við sköpun, fræðslu og rannsóknir, sýningarhald, söfnun, varðveislu og kynningu, útgáfu, ráðgjöf, þjónustu, viðskipti, stjórnun.

* *aðilar á myndlistarvettvangi*: Fólk, félög, stofnanir og fyrirtæki sem fást við myndlist – myndlistarmenn, sýningarstjórar, listfræðingar, kennarar, gagnrýnendur, starfsmenn á listasöfnum, galleríhaldarar, kaupmenn og uppboðshaldarar, safnarar og aðrir mikilvirkir áhugamenn um myndlist, starfsmenn í stjórnkerfi myndlistar hjá ríki og sveitarfélögum; samtök listamanna og annara myndlistarhópa, söfn, gallerí, verslunar- og uppboðsfyrirtæki, menningarmálaráðuneytið o.s.frv.

* *starfsumhverfi myndlistar*: Aðstæður, aðbúnaður, vinnu- og rekstrarskilyrði á myndlistarvettvangi.

² Til einföldunar eru kynningarmiðstöðvar listgreina og hönnunar oft kallaðar *miðstöðvar* í skýrslunni.

myndlistarvettvangi. Á fyrsta fundinn komu forsvarsmenn gallería, safnarar, útgefendur og uppboðshaldarar, á næsta fund forsvarsmenn safna og sýningarstjórar, á þriðja fundinn myndlistarmenn, og á lokafundinn kunnáttumenn úr háskólasamfélaginu. Fundirnir voru haldnir á tímanum frá 27. maí til 28. ágúst 2014.

Með „svót“-greiningu sem skýrsluhöfundur vann út frá umræðum í rýnihópunum voru síðan fundin helstu tækifæri og áskoranir við stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Vonast er til að skýrslan verði hvatning þeim fjölmörgu sem vinna við myndlist á Íslandi, og að þeir geti með hjálp hennar greint betur tækifæri og áskoranir við stofnun sérstakrar myndlistarmiðstöðvar. Skýrslan ætti að gagnast myndlistarmönnum, fræðimönnum, forsvarsmönnum listasafna og gallería og öllum þeim sem starfa við myndlist á Íslandi, að ógleymdum starfsmönnum í stjórnkerfinu og kjörnum fulltrúum á þingi og í sveitarstjórnnum.

2 – HELSTU STOFNANIR OG SJÓÐIR Á MYNDLISTARVETTvangi

LISTASAFN ÍSLANDS

Veffang: www.listasafn.is

Listasafn Íslands er þjóðlistasafn og var stofnað árið 1884. Samkvæmt myndlistarlögum er Listasafn Íslands eign íslenska ríkisins og er höfuðsafn á sviði myndlistar. (Myndlistarlög nr. 64/2012, 2.–3. gr.)

Hlutverk safnsins er að leitast við að safna íslenskri myndlist, varðveita hana og rannsaka hana, annast heimildasöfnun og miðlun. Sem höfuðsafn skal safnið veita öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðla að samvinnu allra listasafna og vinna að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar. Það er einnig meðal verkefna safnsins að kosta kapps um að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar. Þá skal Listasafn Íslands annast fræðslustarfsemi um myndlist fyrir skóla, fjölmiðla og almenning.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Veffang: www.listasafnreykjavikur.is

Listasafn Reykjavíkur samanstendur af fjórum aðskildum safneignum: Almennri safneign Reykjavíkurborgar, Errósafni, Kjarvalssafni og Ásmundarsafni. Safnið hefur umsjón með listaverkæign borgarinnar. Listasafn Reykjavíkur sér um menningarstarfsemi í Ásmundarsafni við Sigtún, á Kjarvalsstöðum sem voru teknir í notkun árið 1973 og í húsnæði safnsins í Hafnarhúsinu sem var opnað árið 2000. Errósafnið er til sýnis í Hafnarhúsinu. Verk safnsins eru einnig til sýnis í opinberum byggingum og á opnum svæðum víða um borgina.

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á stjórnun safnsins og fjárreiðum þess. Safnið sinnir fræðslu, kynningu og útgáfu á nútímalist ásamt því að hlúa að rannsóknum og skráningu á listaverkum sínum. Safnið skal leitast við að sýna stefnur og strauma í list samtímans og gera borgarbúum og öðrum gestum safnsins þannig kleift að fylgjast með framsækinni íslenskri og alþjóðlegri myndlist.

NÝLISTASAFNIÐ (NÝLÓ)

Veffang: <http://www.nylo.is>

Nýslistasafnið var formlega stofnað árið 1978. Stofnendur voru myndlistarmenn sem margir hverjir höfðu verið í SÚM-hreyfingunni eða tengdust henni. Safnið er sjálfseignarstofnun í þágu framþróunar myndlistar og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Safnið er með samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framlag til rekstrar og aðstöðu, og fékk úthlutað 7,1 m.kr. árið 2013 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Safnið er miðstöð fyrir nýja strauma og tilraunir í

myndlist.

Tilgangur með stofnun safnsins var að gefa fleiri myndlistarmönnum kost á því að vinna að list sinni hérlendis ásamt því að koma íslenskri myndlist á framfæri erlendis.

Markmið safnsins eru að vera miðstöð nýrra strauma og tilrauna í myndlist, efla hugmyndafræðilega umræðu um samtímalist, vera vettvangur fyrir unga myndlistarmenn, gegna almennum skyldum listasafns um söfnun og miðlun, safna listaverkum eftir velunnara safnsins og varðveita þau, halda utan um og skrásetja sögu samtímalistar á Íslandi, styrkja stöðu sína sem helsta samtímalistastofnun landsins.

MYNDLISTARRÁÐ

Veffang: myndlistarsjodur.is/

Ráðið var stofnað árið 2012 í þeim tilgangi að vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni myndlistar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar myndlistarráð til þriggja ára í senn. (Myndlistarlög nr. 64/2012).

Hlutverk Myndlistarráðs er samkvæmt 11. grein myndlistarlaga að veita umsögn um mál sem ráðherra vísar til þess, gera tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi Myndlistarsjóðs og úthluta árlega styrkjum úr sjóðnum. Ráðið skal stuðla að kynningu hér og erlendis á íslenskum myndlistarmönnum og starfi þeirra, og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra myndlistarmanna og stofnana. Ráðinu er heimilt að reka sérstaka skrifstofu eða semja við aðra um umsýslu og einstök verkefni sem tengjast starfsemi ráðsins og Myndlistarsjóðs.

Ráðherra skipar fimm manna myndlistarráð til þriggja ára í senn. Eftirfarandi einstaklingar sitja í stjórn Myndlistarráðs 2012-2015;

Stjórnarmenn	Varamenn
Kristján Steingrímur Jónsson – formaður Skipaður án tilnefningar af Mennta- og menningarmálaráðherra	Ingibjörg Jóhannsdóttir Skipuð án tilnefningar af Mennta- og menningarmálaráðherra
Ólöf K. Sigurðardóttir – varaformaður Tilnefnd af Listfræðafélagi Íslands	Hlynur Helgason Tilnefndur af Listfræðafélagi Íslands
Ásmundur Ásmundsson Tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna	Hrafnhildur Sigurðardóttir Tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna
Ósk Vilhjálmsdóttir Tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna	Ingibjörg Gunnlaugsdóttir Tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna
Halldór Björn Runólfsson Tilnefndur af Listasafni Íslands	Dagný Heiðdal Tilnefnd af Listasafni Íslands

SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA (SÍM)

Veffang: sim.is

Sambandið var stofnað árið 1982 og er hagsmuna- og stéttarfélag liðlega 700 starfandi myndlistarmanna. Í SÍM eru sjö aðildarfélög auk félagsmanna með einstaklingsaðild: Félag íslenskra myndlistarmanna (FÍM), Íslensk grafik, Leirlistarfélagið, Myndhöggvarafélagið í Reykjavík (MHR), Félag íslenskra samtímaljósmyndara, Myndlistarfélagið og Textílfélagið.

Hlutverk SÍM er að vinna að hagsmunum félagsmanna sinna á breiðum grundvelli. SÍM skipar fulltrúa í ýmis ráð og nefndir á vegum hins opinbera og annarra samtaka.

SÍM veitir félagsmönnum sínum aðstoð í faglegum málum, svo sem í sambandi við höfundarétt, tryggingar, flutninga, skatta- og tollamál, sýningarhald og lögfræðileg atriði. Hjá SÍM liggja frammi gjaldskrá SÍM, samkeppnisreglur SÍM, samningar milli listamanna, sýningarsala og sölugallería, samningur og reglur um sölu myndverka til fyrirtækja og stofnana, keppnislýsingar o.fl. SÍM veitir félagsmönnum þjónustu sína endurgjaldslaust.

LISTFRÆÐAFÉLAG ÍSLANDS

Veffang: listfraedi.is/

Listfræðafélag Íslands er félag þeirra sem starfa á sviði listfræða, listasögu og/eða sýningarstjórnunar á Íslandi. Félagið vinnur að samvinnu allra þeirra sem starfa við listfræði, ásamt því að gæta hagsmuna þeirra.

Það er markmið félagsins að stuðla að og efla rannsóknir í listfræðum (s.s. listasögu, fagurfræði og listheimspeki), einnig að styðja við kennslu í fræðunum og miðla þeim til almennings. Þá leitar félagið leiða til þess að efla samstarf félagsmanna við erlenda fræðimenn sem starfa á sama sviði og félagar í Listfræðafélaginu.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

Veffang: lhi.is

Listaháskóli Íslands er miðstöð æðri listmenntunar á Íslandi og hefur viðurkenningu stjórnvalda á fræðasviði lista. Skólinn er sjálfseignarstofnun á fjárlögum. Til skólans er hægt að sækja menntun í sviðslistum, myndlist, hönnun og arkitektúr, tónlist og listkennslu. Skólinn starfar á þremur stöðum í höfuðborginni, í Laugarnesi, í Skipholti og á Sölvhólgötu. Á stofnfundi skólans árið 1998 undirrituðu menntamálaráðherra og fulltrúar Bandalags íslenskra listamanna skipulagsskrá fyrir skólann, sem fékk starfsleyfi 10. júní 1999 og hóf þá um haustið starfsemi sína með rekstri myndlistardeildar.

Það er hlutverk skólans samkvæmt skipulagsskránni að sinna æðri menntun á sviði listgreina, vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir

og menningu til almennings. Hann er eini háskólinn á landinu á fræðasviði lista og hefur því víðtæku hlutverki að gegna gagnvart landsmönnum.

MYNDSTEF

Veffang: myndstef.is

Myndstef, Myndhöfundasjóður Íslands, var stofnað árið 1991 í þeim tilgangi að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á myndlistarsviði. Aðilar að samtökunum eru félög myndlistarmanna, ljósmyndara, teiknara, leikmynda- og búningahöfunda, arkitekta, hönnuða og ýmissa annarra stofnana og einstaklinga sem fara með höfundarétt myndverka.

Hlutverk samtakanna er að innheimta þóknun fyrir notkun á höfundarétti félagsmanna sinna. Myndstef leitast við að hafa áhrif á þróun laga, reglna og viðskiptahátta á þessu sviði. Samtökin annast samningagerð félagsmanna við opinbera aðila og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna.

LISTSKREYTINGASJÓÐUR

Veffang: www.listskreytingasjodur.is

Listskreytingasjóður ríkisins varð til með lögum árið 1982. Fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 1983. Sjóðurinn starfar nú samkvæmt 17. gr. myndlistarlaga. (Myndlistarlög nr. 64/2012.)

Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til listskreytinga í opinberum byggingum frá því fyrir 1999 og í leiguhúsnæði opinberra aðila, umhverfi bygginganna og annarra útsvæða á forræði ríkis og sveitarfélaga. Alþingi veitir árlega fé í Listskreytingasjóð.

Úthlutun styrkja úr sjóðnum til listaverka í eldri byggingum og leiguhúsnæði er í höndum stjórnar Listskreytingasjóðs. Í stjórninni sitja tveir fulltrúar frá SÍM, einn frá Arkitektafélagi Íslands og einn frá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

MYNDLISTARSJÓÐUR

Veffang: myndlistarsjodur.is

Myndlistarsjóður var stofnaður 24. apríl 2013 og starfar samkvæmt 12. grein myndlistarlaga og úthlutunarreglum frá 2013. Samkvæmt lögum veitir alþingi árlega fé til Myndlistarsjóðs í því markmiði að efla íslenska myndlist og kosta önnur verkefni sem falla undir hlutverk og starfsemi Myndlistarráðs. Ráðið úthlutar styrkjum úr sjóðnum og annast umsýslu hans. (Myndlistarlög nr. 64/2012; (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.)

Með styrkjunum og fjármögnun Myndlistarráðs er Myndlistarsjóði ætlað að stuðla að framgangi listsköpunar ásamt kynningu og aukinni þekkingu á íslenskri myndlist héraðs sem erlendis. Sjóðurinn veitir verkefnastyrki sem ætlað er að auðvelda framkvæmd verkefna á sviði listsköpunar og listranssóknna. Jafnframt veitir sjóðurinn styrki til undirbúnings verkefna sem falla undir starfssvið sjóðsins. Ráðherra setur Myndlistarsjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum er Myndlistarráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.

STARFSLAUN LISTAMANNA / LAUNASJÓÐUR MYNDLISTARMANNA

Veffang: www.rannis.is/sjodir/menning-listir/starfslaun-listamanna/

Alþingi veitir árlega fé af fjárlögum í þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu í samræmi við lög um listamannalaun. Starfslaun listamanna eru veitt úr sex sjóðum: Launasjóði hönnuða, launasjóði myndlistarmanna, launasjóði rithöfunda, launasjóði sviðslistafólks, launasjóði tónlistarflytjenda og launasjóði tónskálda.

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 435 mánaðarlauna. Ráðherra skipar árlega þriggja manna úthlutunarnefnd samkvæmt tillögum SÍM. Launasjóðirnir eru vistaðir hjá Rannís. (Lög um listamannalaun nr. 57/2009, 1.–2. og 7. gr.; Rannís, e.d.)

MUGGUR

Veffang: sim.is/sim/muggur/

Muggur – tengslasjóður fyrir myndlistarmenn var stofnaður árið 204 og standa að honum Menningarmálanefnd Reykjavíkur, Myndstef og SÍM, sem hefur umsjón með sjóðnum.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja myndlistarmenn til tímabundinnar dvalar erlendis vegna sýningar, vinnustofudvalar eða sambærilegra myndlistarverkefna. Með þeim hætti á sjóðurinn að efla myndlistarstarf í Reykjavík og styrkja ímynd Reykjavíkurborgar sem framsækinnar menningarborgar á heimsvísu. Aðeins SÍM-félagar fá styrk úr sjóðnum. Reykjavíkurborg leggur árlega fram þrjú fjórðu hluta fjármagns til sjóðsins en SÍM og Myndstef fjórðung. Árið 2013 var úthlutað úr sjóðnum rúmum 2 m.kr. til 47 myndlistarmanna vegna 67 dvalarvika.

KYNNINGARMÍÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR (KÍM)

Veffang: icelandicartcenter.is/

Kynningarmiðstöðin var formlega stofnuð 17. desember 2003 og var stjórnin skipuð á framhaldsstofnfundi 16. febrúar 2004. Miðstöðin starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Ber stofnunin ein ábyrgð á skuldbindingum sínum og er

ekki háð lögaðilum. (Menntamálaráðuneytið, 2003; Lög um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1998; Stjórnarráð Íslands, 2005.)

HLUTVERK

Meginhlutverk miðstöðvarinnar er að vera tengiliður íslensks myndlistar-samfélags við myndlistarvettvang erlendis og stuðla að samstarfi innlendra og erlendra listamanna með það að markmiði að auka hróður íslenskrar myndlistar utan landsteinanna.

KÍM sér einnig um að veita verkefna- og ferðastyrki. Árið 2013 voru veittir samtals 15 styrkir að upphæð 2.775 m.kr til 15 myndlistarmanna.

Framkvæmdastjóri KÍM er Björg Stefánsdóttir.

MARKMIÐ

Helstu verkefni eru samkvæmt stofnskrá KÍM að

- » efna til samstarfs um sýningar á íslenskri myndlist á erlendum vettvangi,
- » standa fyrir heimsóknum erlendra blaðamanna, sýningarstjóra og fleiri aðila til að efla tengsl við alþjóðlegt listumhverfi,
- » veita ráðgjöf um kynningu íslenskrar myndlistar erlendis,
- » annast ráðgjöf og stuðning við þátttöku íslenskra listamanna í myndlistarviðburðum erlendis,
- » skipuleggja fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins þátttöku Íslands í Fenejvatvíæringnum og annast fjárreiður í því sambandi.

EIGNARHALD / REKSTRARFORM

Sjálfseignarstofnun á fjárlögum. Stofnendur voru auk ráðuneytisins Samband íslenskra myndlistarmanna, Myndstef, Útflutningsráð (nú Íslandsstofa) og sjö listasöfn, Hafnarborg, Listasafn Akureyrar, Listasafn ASÍ, Listasafn Íslands, Listasafn Kópavogs, Listasafn Reykjavíkur og Nýlistasafnið.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar rekstur miðstöðvarinnar samkvæmt samningi stjórnar KÍM við ráðuneytið. KÍM voru veittar 22,7 m.kr. fyrir árið 2014. Af því fara 15% í styrki til listamanna samkvæmt samningi við ráðuneytið. Miðstöðin sér um íslenska skálann á Fenejvatvíæringnum fyrir hönd ráðuneytisins. Fjárveiting á fjárlögum til þess verkefnis fyrir 2015 eru 24 m.kr. og er hún greidd í fjórum jöfnum greiðslum, tveimur 2014 og tveimur 2015. Rekstrarkostnaður er leiga húsnæðis og launagreiðslur.

STJÓRNSKIPULAG

Stjórn KÍM skipa fimm menn, tveir frá SÍM, einn fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra, einn fulltrúi utanríkisráðherra og einn frá forstöðumönnum listasafnanna sem aðild eiga að miðstöðinni.

Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur miðstöðvarinnar. Fagráð sér um að úthluta styrkjum á grundvelli umsókna. Fagráðið skipa framkvæmdastjóri og tveir stjórnarmenn og skal annar þeirra vera fulltrúi SÍM. Fagráð tekur ákvarðanir fyrir hönd stjórnar um veitingu styrkja, velur listamenn til þátttöku í alþjóðlegum myndlistarsýningum og öðrum verkefnum á vegum miðstöðvarinnar. Fagráð er skipað til tveggja ára í senn.

STARFSMENN

Árið 2014 hefur KÍM aðeins haft einn starfsmann en stefnt er að því að á næsta ári verði þar tveir í fullu starfi, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri. Að auki verði sérstakur verkefnastjóri ráðinn í tímabundið verkefni með 50% starfshlutfall og starfsnemi með 50% starfshlutfall. Starfsmannafjöldi hefur verið breytilegur eftir tíma árs og þeim verkefnum sem liggja fyrir.

HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐIR

Helstu viðburðir og hátíðir eru: Íslenski skálinn á Fenevjavíæringnum, Sequences real time art festival, Talk Series, You are in control, Iceland Art destination, Visitors program³ og útgáfa Art Museums, Galleries og Project Spaces in Iceland.

ERLENDAR MIÐSTÖÐVAR SEM LITID ER TIL

Fyrirmyndir að KÍM eru sóttar til norrænu ríkjanna og annarra Norður-Evrópuríkja þar sem slíkar miðstöðvar hafa verið reknar um skeið með góðum árangri.

STARFSNÁM OG SJÁLFBODAVINNA

Einn starfsnemi starfar hjá miðstöðinni hverju sinni og fæst meðal annars við að uppfæra heimasíðu og önnur tilfallandi verkefni.

³ Visitors Program / Talk Series / Umræðuþræðir er fyrirlestraröð sem Listasafn Reykjavíkur, KÍM og Listaháskóli Íslands standa að. Virtir sýningarstjórar, fræðimenn og listamenn með merkan feril að baki á alþjóðlegum vettvangi eru fengnir til landsins til að flytja fyrirlestra og er þeim jafnframt kynnt íslensk myndlist. Markmiðið er að skapa vettvang héraendis fyrir alþjóðleg tengsl og umræður.

3 – MIÐSTÖÐVAR LISTGREINA OG HÖNNUNAR Á ÍSLANDI

Undanfarin ár hafa verið settar á fót héraendis ýmsar kynningarmiðstöðvar skapandi greina. Í nýlegri skýrslu frá starfshópi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2012a) um *Skapandi greinar – sýn til framtíðar* segir að meginmarkmið með stofnun miðstöðvanna hafi verið að færa faglega stefnumótun og kynningarstarfsemi hins opinbera á umræddum sviðum úr ráðuneytunum á vettvang greinanna sjálfra. Miðstöðvarnar eiga sér ólíkan aldur og uppbygging þeirra, rekstrarform og hlutverk eru með ýmsu móti. Þær eru ýmist ríkisstofnanir, sjálfseignarstofnanir, samtök eða einkahlutafélög.

Framan af ríkti óvissa um opinbera þátttöku í rekstri miðstöðvanna en árið 2012 tókust samningar við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstrarframlag til flestra þeirra. Samningarnir eru til þriggja ára í senn, undirritaðir fyrir árin 2012–2014, og fólu í sér 63,2% hækkun á framlagi til miðstöðvanna, úr 43,5 m.kr. árið 2011 í 71 m.kr. árið 2012. Framlögunum er ætlað að efla alþjóðlegt samstarf og kynningu á sviði lista og hönnunar. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012b.)

Hér á eftir verður fjallað um átta miðstöðvar, greint frá hlutverki þeirra og markmiðum, og sjónum beint að rekstrarformi þeirra og vinnulagi. Þegar hefur verið fjallað um hina níundu, KÍM. Miðstöðvarnar eru:

- » Handverk og hönnun
- » Hönnunarmiðstöð Íslands
- » Íslensk tónverkamiðstöð (ÍTM)
- » Kvikmyndamiðstöð Íslands
- » Leiklistarsamband Íslands (LSÍ) / Kynningarmiðstöð sviðslista
- » Miðstöð íslenskra bókmennta
- » Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN)

HANDVERK OG HÖNNUN

Veffang: handverkoghonnun.is/

HLUTVERK

Hlutverk miðstöðvarinnar Handverks og hönnunar er að stuðla að eflingu handverks, listiðnaðar og hönnunar, og að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi. Miðstöðin tók árið 2007 við af samnefndu verkefni sem sett var á fót var árið 1994. Handverk og hönnun sendir út vikulegt fréttabréf, veitir ráðgjöf, heldur fyrirlestra og heldur úti öflugri heimasíðu.

Framkvæmdastjóri er Sunneva Hafsteinsdóttir.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Handverks og hönnunar eru að

- » stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði,
- » auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi,
- » koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar,
- » halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði,
- » vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

EIGNARHALD / REKSTRARFORM

Sjálfseignarstofnun. Stofnunin er rekin með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fjárveiting fyrir árið 2014 var 12 m.kr.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Fjárframlög frá ríkinu, greiðsla þátttökugjalda í viðburðum sem miðstöðin stendur fyrir, styrkir frá Reykjavíkurborg, fyrirtækjum og einstaklingum. Laun tveggja starfsmanna sem báðir eru í fullri stöðu. Leiga skrifstofuhúsnæðis, skrifstofurekstur.

STJÓRNSKIPULAG

Framkvæmdastjóri sér um rekstur stofnunarinnar í umboði stjórnar og hefur frumkvæði að verkefnum. Stjórnarmenn eru fimm, kosnir á ársfundum á tveggja ára fresti.

STARFSMENN

Tveir starfsmenn í 100% stöðu, framkvæmdastjóri og fulltrúi á skrifstofu.

HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐIR

Handverk og hönnun hefur tekið þátt í margvíslegum verkefnum erlendis, svo sem European Ceramic Context á Borgundarhólmi 2006 og 2010 og European Glass Context á Borgundarhólmi 2008 og 2012. Á Íslandi má nefna Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur, Skúlaverðlaun og Culture Exchange Programme.

ERLENDAR MIÐSTÖÐVAR SEM LITID ER TIL

Handverk og hönnun er í norrænu samstarfi með Norwegian Crafts í Noregi, Danske Kunsthåndværkere í Danmörku, Konsthantverkscentrum í Svíþjóð og Ornamo á Finnlandi.

HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

Veffang: www.honnunarmidstod.is/Forsida/

HLUTVERK

Hönnunarmiðstöð Íslands er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun og arkitektúr heima og erlendis. Meginhlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenski hönnun fyrir þjóðfélagið allt.

Framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands er Halla Helgadóttir.

MARKMIÐ

Meginmarkmið eru m.a. að

- » vera kynningarmiðstöð hönnunar og arkitektúrs á Íslandi,
- » veita ráðgjöf um vöruþróun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning,
- » leiða hönnuði og fyrirtæki saman í nýsköpunar- og vöruþróunarverkefnum,
- » veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hönnunartengd verkefni,
- » stuðla að samstarfi og tengslum á milli greina og hvetja til umræðu,
- » auka rannsóknir og mælingar á umfangi og vexti hönnunargeirans.

EIGNARHALD OG REKSTRARFORM

Einkahlutafélag. Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu níu hönnunarfélaga, Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna- og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textílfélagsins, Félags íslenskra gullsmiða og Félags íslenskra teiknara. Hönnunarfélögin lögðu fram hlutafé við

stofnun Hönnunarmiðstöðvar Íslands. HönnunarMars⁴ er einnig skráð eign hönnunarfélaganna níu og er í umsjá miðstöðvarinnar.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Framlag til Hönnunarmiðstöðvar Íslands á fjárlögum gegnum bæði mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti voru samtals 30 m.kr. árið 2014. Að auki kemur sjálfsaflafé sem nemur nú hátt í helmingi rekstrarfjárins. Reykjavíkurborg styrkir HönnunarMars. Fjárframlögin frá ráðuneytunum eru nýtt til reksturs, greiðslu launa og leigu á húsnæði. Hönnunarmiðstöð hefur fengið styrki frá utanríkisráðuneytinu og Íslandsstofu vegna HönnunarMars.

STJÓRNSKIPULAG

Í níu manna stjórn Hönnunarmiðstöðvar starfar einn fulltrúi frá hverju eignarfélagi.

STARFSMENN

Fimm starfsmenn starfa hjá miðstöðinni, framkvæmdastjóri, verkefnastjóri og umsjónarmaður erlendra samskipta, kynningarfulltrúi, verkefnastjóri HönnunarMars og hönnunarverðlauna, og ritstjóri hönnunarblaðs í 75% stöðu.

HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐIR

Miðstöðin stendur fyrir fyrirlestrum, sýningum, ráðstefnum og HönnunarMarsi. Miðstöðin tekur þátt í Stockholm Furniture Fair og Helsinki Design Week.

ERLENDAR MIÐSTÖÐVAR SEM LITIÐ ER TIL

Norsk design- og arkitektursenter. Ný stofnun með sameiningu Norsk Design-råd og Norsk Forum.

STARFSNÁM OG SJÁLFBODAVINNA

Hönnunarmiðstöð gefur kost á starfsnámi og sjálfbodavinnu í kringum HönnunarMars en einnig á öðrum tímum ársins. Þeir sem koma í starfsnám eða sjálfbodavinnu geta tekið þátt í skipulagningu sérvíðburða, greinaskrifum, grafískri hönnun, vefverkefnum, ljósmyndun og myndvinnslu.

⁴ HönnunarMars er haldinn árlega í Reykjavík og er uppskeruhátíð íslenskrar hönnunar. Með viðburðum hátíðarinnar er vakin athygli á starfi íslenskra hönnuða og arkitekta og ná þeir yfir þrjú daga með sýningum, fyrirlestrum, uppákomum og innsetningum víðsvegar um borgina. Á HönnunarMars sameinast allar greinar hönnunar, fatahönnun, arkitektúr, húsgagna- og innanhússhönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun.

ÍSLENSK TÓNVERKAMIÐSTÖÐ (ITM)

Veffang: tonverkamidstod.is/

HLUTVERK

Tónskáldafélag Íslands stofnaði miðstöðina árið 1968. Íslensk tónverkamiðstöð er miðstöð sigildrar tónlistar og samtímatónlistar á Íslandi. Hlutverk miðstöðvarinnar er margþætt. Þar eru m.a. varðveitt afrit af íslenskum tónverkum, og þau gerð aðgengileg almenningi til sölu bæði rafrænt og á pappír. Miðstöðin veitir íslenskum tónskáldum ráðgjöf og kynningu, hérlandis og erlendis. Miðstöðin kynnir íslensk tónverk innanlands og utan, annarsvegar með því að standa að einstökum kynningum, svo sem í samstarfi við flytjendur á ferðalögum og í samstarfi við íslensk sendiráð erlendis, og hinsvegar vinnur miðstöðin með öðrum norrænum tónverkamiðstöðvum að kynningu á norrænni tónlist.

Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar er Signý Leifsdóttir.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Tónverkamiðstöðvarinnar eru að

- » varðveita íslensk tónverk, bæði sigild tónverk og samtímatónverk, gera þau aðgengileg almenningi til sölu og kynna þau innanlands sem erlendis,
- » miðla upplýsingum um íslensk tónskáld og tónlistarlíf.

EIGNARHALD / REKSTRARFORM

Tónverkamiðstöð er félagasamtök, og eru félagsmenn íslensk tónskáld. Þegar unnið er að ákveðnum verkefnum er leitað í opinbera sjóði og leitað aðstoðar ýmissa fyrirtækja.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Miðstöðin nýtur fjárhagslegs stuðnings frá hinu opinbera. Þeir sem veita miðstöðinni styrk til rekstrar og verkefna eru mennta- og menningar- málaráðuneytið, 13,4 m.kr. árið 2014, STEF og Tónskáldasjóður RÚV. Hún aflar einnig fjár með sölu á nótum og hljóðritum. Þá nýtur miðstöðin ýmissa styrkja vegna sértækra verkefna. Tekjur renna til leigu húsnæðis fyrir starfsemina (í sama húsnæði og ÚTÓN), launagreiðslna, framleiðslu nótna og kynningarefnis, skönnunar á nótum og varðveislu efnis.

STJÓRNSKIPULAG

Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur miðstöðvarinnar og heyrir undir stjórn sem skipuð er þremur fulltrúum félagsmanna Tónverkamiðstöðvar ásamt einum fulltrúa frá RÚV sem útvarpsstjóri skipar.

STARFSMENN

Einn starfsmaður í fullu starfi og tveir í 40% stöðu hvor.

HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐIR

Fulltrúi miðstöðvarinnar fer árlega á aðalfund IAMIC og tónlistarhátíðina ISCM.⁵ Miðstöðin tekur einnig þátt í Norrænum músíkdögum, hátíð sem flyst milli norrænu ríkjanna fimm og er því haldin á Íslandi fimmta hvert ár. Fulltrúi miðstöðvarinnar situr í samstarfi við Tónskáldafélag Íslands í norrænum starfshópi til að undirbúa Norræna músíkdaga.

STARFSNÁM OG SJÁLFBODAVINNA

Tónverkamiðstöð hefur hýst starfsnema við störf fyrir Myrka músíkdaga. Einnig hefur miðstöðin tekið þátt í átaksverkefnum Vinnumálastofnunar.

KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Veffang: www.kvikmyndamidstod.is/

HLUTVERK

Helstu verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru að styrkja framleiðslu íslenskra kvikmynda, vinna að kynningu þeirra og dreifingu, efla kvikmynda-menningu á Íslandi og stuðla að auknum erlendum samskiptum.

Forstöðumaður er Laufey Guðjónsdóttir.

MARKMIÐ

Helstu markmið eru að

- » veita styrki til framleiðslu íslenskra kvikmynda,
- » rækta tengslanet við helstu hátíðir um allan heim,
- » kynna íslenskar myndir í samstarfi við fagfólk á hverjum stað fyrir sig,
- » styrkja starfsumhverfi kvikmyndaframleiðslu á Íslandi.

EIGNARHALD / REKSTRARFORM

Ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum sem voru samþykkt árið 2001 og tóku gildi í ársbyrjun 2003 (Kvikmyndalög nr. 137/2001). Við lögina var sett ítarleg reglugerð (nr. 229/2003) sem auðveldar gagnsæi og skapar tiltrú fólks á starfseminni að sögn forstöðumanns.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Tekjur Kvikmyndamiðstöðvar eru árlegt framlag af fjárlögum, 745 m.kr. árið 2014 sem skiptist í 131,2 m.kr. til miðstöðvarinnar, 10,4 m.kr. í sértekjur og 624,7 m.kr. í Kvikmyndasjóð. Féð rennur til rekstrar miðstöðvarinnar, launagreiðslna og styrkja til framleiðslu íslenskra kvikmynda. Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Styrkir úr Kvikmyndasjóði ná

⁵ IAMIC er alþjóðasamband tónverkamiðstöðva (e. International Association of Music Information Centres). ISCM eru alþjóðleg samtök um samtímatónlist (e. International Society of Contemporary Music).

aðeins að fjármagna verkefni að hluta og framlög frá Kvikmyndamiðstöð ásamt 20% endurgreiðslum frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti mega samtals ekki fara yfir 85% af áætluðum heildarkostnaði verkefna.

STJÓRNSKIPULAG

Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn kvikmyndamála og hefur sér til fulltingis sjö manna kvikmyndaráð sem ætlað er að veita stjórnvöldum ráðgjöf og gera tillögur um stefnu og markmið á sviði kvikmyndalistar. Ráðherra ræður forstöðumann og tekur hann allar ákvarðanir um framkvæmdir og styrkveitingar. Forstöðumaður leitar til fagaðila ef þess er þörf.

STARFSMENN

Fimm starfsmenn í 100% stöðum. Forstöðumaður, fjármála- og framleiðslustjóri, kynningarstjóri, verkefnastjóri og starfsmaður á skrifstofu og móttöku.

VIÐBURÐIR OG HÁTÍÐIR

Miðstöðin veitir aðstoð við viðburði og hátíðir, m.a. með styrkjum, en stendur ekki sjálf fyrir slíkri starfsemi.

ERLENDAR MIÐSTÖÐVAR SEM LITIÐ ER TIL

Norræna módelið – svipað vinnulag og sjá má hjá sumum norrænum kynningar-miðstöðvum, ekki síst Kulturstyrelsen í Danmörku.

LEIKLISTARSAMBAND ÍSLANDS (LSÍ) / KYNNINGARMÍÐSTÖÐ SVIÐSLISTAR (KÍS)

Veffang: www.stage.is/?lang=icelandic

Leiklistarsamband Íslands (LSÍ) var stofnað árið 1972 sem samtök sviðslista á Íslandi. Að sambandinu standa öll félög, bandalög og stofnanir innan sviðslista. Sambandið starfar samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Frá 2010 hefur sambandið unnið að því að setja á stofn Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista (KÍS) en miðstöðin hefur enn ekki verið formlega stofnuð.

Forseti Leiklistarsambands Íslands er Marta Nordal.

MARKMIÐ

Helstu markmið eru að

- » vera sameiginlegur vettvangur þeirra starfsgreina og stofnana sem starfa innan sviðslista,
- » örva samstarf þeirra og stuðla að kynningu á íslenskum sviðsverkum og sviðslistarfólki, jafnt innanlands sem utan.

EIGNARHALD / REKSTRARFORM

Félagasamtök með samstarfssamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Alþingi veitir árlega fé af fjárlögum til LSÍ til að halda utan um starfsemina samkvæmt samningnum við ráðuneytið. Að auki hefur LSÍ fengið árlegan styrk til sérverkefna sem tengjast Kynningarmiðstöð Íslenskra sviðslista (KÍS) sem sambandið hyggst koma á fót og snúast þau um kynningu á íslenskum sviðslistum erlendis. Árið 2014 fékk LSÍ 3 m.kr. til rekstrar Leiklistarsambands Íslands og 2 m.kr. til að undirbúa stofnun KÍS. Auk þess innheimtir LSÍ árlegt félagsgjald. Ekki er rekin skrifstofa.

STJÓRNSKIPULAG

Fimm manna stjórn er kosin til eins árs í senn á aðalfundi sambandsins. Þar sitja 40 fulltrúar frá öllum félagasamtökum innan þess. Fulltrúaráðið er ásamt forseta og stjórn æðsta vald Leiklistarsambandsins

STARFSMENN

Forseti sambandsins hefur forystu um starfsemi sambandsins og verkefni og er talsmaður þess. Starfsmaður í hlutastarfi sér um einstök verkefni, svo sem vefsíðu, utanumhald í rekstri og kosningar vegna Grímunnar.

HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐIR

Sviðslistaverðlaunin Gríman eru afhent árlega á vegum LSÍ. Sambandið á aðild að Norræna leiklistarsambandinu og Alþjóða-leikhúsmálastofnuninni (e. International Theatre Institution).

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

Veffang: www.islit.is/

HLUTVERK

Hlutverk Miðstöðvar íslenskra bókmennta er að efla bókmenningu á Íslandi m.a. með því að veita styrki til útgáfu íslenskra ritverka og til þýðinga erlendra bókmennta á íslensku. Það er jafnframt hlutverk Miðstöðvarinnar að kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. (Lög um bókmenntir, nr. 91/2007.)

Miðstöðin var stofnuð 1. janúar 2013 en forveri hennar var Bókmenntasjóður sem stofnaður var árið 2007.

Framkvæmdastjóri Miðstöðvar íslenskra bókmennta er Raket Björnsdóttir.

MARKMIÐ

Helstu markmið miðstöðvarinnar eru að

- » styrkja bókmenningu á Íslandi og efla bókaútgáfu,
- » finna leiðir til þess að auka fjármagn til útgáfu og þýðinga,
- » bæta kynningu á íslenskum bókmenntum hér á landi og erlendis.

EIGNARHALD / REKSTRARFORM

Ríkisstofnun. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann og varaformann en aðra stjórnarmenn tilnefna samtök bókaútgefenda og rithöfunda. Stjórn Miðstöðvar Íslenskra bókmennta hefur þá stefnu að rekstrar- og umsýslukostnaði verði haldið í lágmarki og að mestur hluti fjárframlaga til miðstöðvarinnar á hverjum tíma renni beint til lögbundinna verkefna hennar. Afgreiðsla styrkja og öll umsýsla er einfölduð til að ná þessu markmiði.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Miðstöðin fær fjárveitingu af fjárlögum, 65,6 m.kr. árið 2014, til rekstrar og styrkveitinga. Miðstöðinni er frjálst að leita eftir styrkjum til ýmissa verkefna. Rekstrarkostnaður er laun tveggja starfsmanna, leiga á skrifstofu og styrkveitingar. Megnið af útgjöldum miðstöðvarinnar fer í styrkveitingar, útgáfustyrki, þýðingarstyrki (bæði innanlands og erlendis), ferðastyrki, dvalarstyrki, kynningarstyrki og nýræktarstyrki (hugsaðir fyrir nýja höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref).

STJÓRNSKIPULAG

Framkvæmdastjóri og kynningarstjóri reka miðstöðina.

STARFSMENN

Tveir starfsmenn í fullri stöðu, framkvæmdastjóri sem stýrir miðstöðinni og kynningarfulltrúi sem sér um skipulagningu, styrkveitingar og ráðgjöf.

VIÐBURÐIR OG HÁTÍÐIR

Miðstöðin tekur þátt í tveimur til þremur bókamessum á hverju ári.

ERLENDAR MIÐSTÖÐVAR SEM LITID ER TIL

Letterinfonten í Hollandi. Einnig fylgst með svipuðum miðstöðvum í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku.

STARFSNÁM OG SJÁLFBODAVINNA

Ekki í boði.

ÚTFLUTNINGSSKRIFSTOFA ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR (ÚTÓN)

Veffang: www.uton.is/

HLUTVERK

ÚTÓN var stofnað árið 2006 og beindist starfsemin fyrstu árin einungis að kynningu á íslenskrari tónlist erlendis en miðstöðin sinnir nú einnig kynningu hér á landi. Meginhlutverk ÚTÓNs er að styðja við og veita upplýsingar um starfsumhverfi tónlistar á Íslandi. Klasafilósófa er hugmyndafræðin sem liggur að baki skipulagi skrifstofunnar, og er lögð mikil áhersla á nálægð við tónlistarfólk, umboðsmenn og útgefendur. Enskt heiti skrifstofunnar er Iceland Music Export, skst. IMX.

Framkvæmdastjóri er Sigtryggur Baldursson.

MARKMIÐ

Útflutningsskrifstofan er viðskipta- og markaðsskrifstofa. Helstu verkefni og markmið skrifstofunnar eru að

- » auka möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í tónlistarútrás við að ná árangri í alþjóðlegum viðskiptum,
- » kynna íslenska tónlistarmenn erlendis,
- » koma útgáfum með íslenski tónlist á framfæri erlendis,
- » vekja athygli á íslenskum tónlistarhátíðum og tónlistarviðburðum,
- » starfrækja heimasíðu og gefa út netfréttabréf,
- » efla útflutningshæfni íslenskra tónlistarmanna og fyrirtækja sem starfa í geiranum,
- » sinna almennri ráðgjöf og tengslamyndun,
- » styrkja samstarf við hliðstæðar útflutningsskrifstofur erlendis, einkum á Norðurlöndum.

EIGNARHALD / REKSTRARFORM

ÚTÓN er sjálfseignarstofnun og er bakhjarl þess Samtónn sem eru samtök allra réttihafa tónlistar í landinu.

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARKOSTNAÐUR

Miðstöðin fékk 21 m.kr. fjárveitingu af fjárlögum fyrir árið 2014 á grundvelli samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Fagfélögin styðja einnig við skrifstofuna, Samtónn – samtök tónlistar, FÍH – Félag íslenskra hljómlistarmanna og STEF. Rekstrarkostnaður er leiga á húsnæði, launagreiðslur, styrkveitingar, öflug heimasíða þar sem sinnt er upplýsingamiðlun fyrir alla sem koma að útgáfu og flutningi á tónlist, fræðslu- kvöld.

STJÓRNSKIPULAG

Framkvæmdastjóri sér um rekstur skrifstofunnar í samráði við stjórn. Fjórir menn skipa stjórn, þrír fulltrúar sem Samtónn skipar og einn sem Íslandsstofa skipar.

STARFSMENN

Tveir starfsmenn ásamt verkefnastjóra og starfsnema sem báðir eru í hluta- starfi.

HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐIR

Stærsti viðburðurinn á vegum miðstöðvarinnar er Iceland Airwaves sem Icelandair styrkir. Árleg velta viðburðarins er um 80 m.kr. ÚTÓN sækir hátíðirnar Focusland í Hollandi og Eurosnic.

ERLENDAR MIÐSTÖÐVAR SEM LITIÐ ER TIL

Nordic Music Export Services (NOMEX).⁶ Norræna módelið – svipað vinnulag og sjá má hjá sumum norrænum kynningarmiðstöðvum, ekki síst Kulturstyr-elsen í Danmörku.

STARFSNÁM OG SJÁLFBOÐAVINNA

Starfsnemar koma og starfa hjá ÚTÓN. Aðalverkefni þeirra er að sinna upplýsingamiðlun með því að uppfæra heimasíðu og sjá til þess að allt efni sé uppfært og aðgengilegt.

Á skrifstofunni eru vinnuaðstaða fyrir aðra en starfsmenn og úthlutar Nýsköpunarmiðstöð þar rými fyrir þá sem eru að sinna áhugaverðum verk-efnum innan tónlistar.

⁶ NOMEX eru norræn samtök í eigu tónlistarmiðstöðvanna í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Samtökin vinna saman að því að kynna, styðja við og efla framleiðslu á norrænni tónlist á alþjóðlegum vettvangi.

SAMEIGINLEGAR ÁHERSLUR ÍSLENSKU MIÐSTÖÐVANNA

Eins og áður hefur komið fram eru rekstrarform og hlutverk íslensku miðstöðvanna ólík en flestum hefur þeim verið falið það verkefni að bera ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum hverri á sínu sviði. Kvikmyndamiðstöðin og Miðstöð íslenskra bókmennta starfa samkvæmt lögum sem fela þeim ákveðið hlutverk við að veita greinum sínum stuðning heimafyrir og á alþjóðavettvangi. KÍM og ÚTÓN eiga einnig að sinna alþjóðlegu markaðs- og kynningarhlutverki.

SAMEIGINLEGAR ÁHERSLUR MIÐSTÖÐVANNA ERU AÐ

- » skapa tengsl innan fagvettvangs viðkomandi greinar,
- » örva samstarf innan greinarinnar og stuðla að kynningu erlendis,
- » veita styrki til fólks og hópa á sínu sviði.

ATRÍÐI SEM LEGGJA MÆTTI AUKNA ÁHERSLU Á Í STARFSEMI MIÐSTÖÐVANNA

eru þessi að mati skýrsluhöfundar eftir samræður við starfsmenn miðstöðvanna:

- » Að sinna almennri ráðgjöf og tengslamyndun bæði innanlands og utan,
- » styrkja samstarf við hliðstæðar miðstöðvar í öðrum norrænum ríkjum og víðar,
- » starfrækja öflugar heimasíður,
- » gefa út og annast fréttabréf með upplýsingum um starfsemi miðstöðvanna ásamt almennum upplýsingum um starfsumhverfið,
- » vera sameiginlegur vettvangur þeirra greina og stofnana sem starfa innan fagvettvangsins,
- » varðveita efni um greinarnar og miðla upplýsingum um þær,
- » hafa í boði fyrirlestra, málþing og ráðstefnur sem tengjast viðkomandi grein og kynna þróun í greininni bæði heima og erlendis.

4 – NORRÆNAR MIÐSTÖÐVAR

Hér eru tekin saman meginmarkmið fjögurra miðstöðva listgreina í öðrum norrænum ríkjum og athugaðar sameiginlegar áherslur þeirra. Norrænu myndlistarmiðstöðvarnar hafa margar hverjar verið reknar með góðum árangri. Með markvissum stuðningi og kynningu hefur þeim tekist að auka þátttöku listamanna sinna í alþjóðlegum listviðburðum til mikilla muna. Skoðað er hvað það er í starfsemi miðstöðvanna sem hægt væri að líta til við stofnun nýrrar myndlistarmiðstöðvar hér á landi.

DANMÖRK

Kulturstyrelsen

Veffang: www.kulturstyrelsen.dk

Menningarstofnunin Kulturstyrelsen starfar á vegum danska menningarmálaráðuneytisins sem stuðningsvettvangur fyrir allar danskar listir. Starfsmenn stofnunarinnar eru hátt í 300 og starfa þar sérfræðingar á sviði lista og hönnunar. Stofnunin veitir um 991,6 m.kr.⁷ á ári. Stofnunin samanstendur af 11 sérfræðideildum sem annast ráðgjöf hver á sínu fagsviði. Í hverri deild er fagrað sem hefur umsjón með styrkveitingum.

Framkvæmdastjóri Kulturstyrelsen er Anne Mette Rahbæk.

Yfirmaður sjónlista er Anette Østerby.

Meginmarkmið Kulturstyrelsen eru að

- » annast faglega ráðgjöf um menningarstefnu ríkisins á sviði sjón- og sviðslista, tónlistar, bókmennta, safna og menningararfleifðar, útvarps- og sjónvarpsflutnings og textaútgáfu, rafrænnar og prentænnar.
- » auka kynningu danskra lista og menningarlífs á alþjóðavettvangi.

Statens Kunstfond

Veffang: www.kunst.dk

Í ársbyrjun 2014 sameinuðust stofnanirnar Statens Kunstråd og Statens Kunstfond undir heitinu Statens Kunstfond. Markmiðið með sameiningunni var að bæta aðstæður allra þeirra sem starfa við listir og hönnun í Danmörku. Stofnunin samanstendur af tólf sérfræðideildum og sér hver þeirra um ráðgjöf og styrkveitingar á

⁷ 4,8 milljarðar danskra króna miðað við gengi 20.11. 2014.

sínu fagsviði. Meginbreytingin við sameiningu Statens Kunstråd og Statens Kunstfond er að sérfræðideildirnar tólf sjá nú alfarið um skipulag og umsýslu á sjóðum ríkisins til list- og menningarmála.

Yfirmaður sjónlista er Tine Vindfeld.

Markmið Statens Kunstfond eru m.a. að

- » efla allt liststarf í Danmörku og kynna danska list á alþjóðavettvangi,
- » annast styrkveitingar,
- » styðja við listir um allt land,
- » auka þverfagleg verkefni,
- » styðja listsköpun fyrir börn.

SVÍPJÓÐ

Iaspis

Veffang: www.konstnarsnamnden.se/iaspis

Iaspis er sænskur sjónlistasjóður sem styður alþjóðleg verkefni á sviði lista, hönnunar, handverks og arkitektúrs, stofnaður árið 1996. Starfsemi Iaspis miðar að því að veita listamönnum sem búsettir eru í Svíþjóð tækifæri til þess að þróa listræna vinnu sína og bæta starfsumhverfi sitt með því að koma á alþjóðlegum samskiptum milli listamanna og stofnana og sérfræðinga, svo sem sýningarstjóra, gagnrýnenda og annarra sem starfa innan fagvettvangsins.

Iaspis er hluti af sænskri styrktarstofnun, *Konstnärnsämnden*, sem er ríkisstofnun. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar í nánú samstarfi við fagrað sem skipað er fulltrúum úr stjórn sjónlistarsjóðsins.

Framkvæmdastjóri: Johan Pousette.

Meginmarkmið Iaspis eru að

- » kynna sænska list og hönnun innanlands sem erlendis,
- » halda opna fyrirlestra og sýningar innanlands sem erlendis,
- » koma á alþjóðlegum samskiptum milli sænskra og erlendra listamanna, stofnana og sérfræðinga.

NOREGUR

OCA – Office for Contemporary Art Norway

Veffang: www.oca.no

OCA er ríkisstofnun sem var norska menningarmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið settu á fót árið 2001. Stofnuninni er ætlað að styrkja stöðu norskrar myndlistar og örva samskipti norskra og alþjóðlegra liststofnana, listfræðinga og myndlistarmanna. OCA sér um ýmis verkefni sem tengjast sýningum, ráðstefnum,

málþingum og fyrirlestrum í Noregi og erlendis. Stofnunin vinnur að verkefnum sínum í samvinnu við listamenn, sýningarstjóra, heimspekinga og list- og menningarfræðinga. OCA sér einnig um þátttöku Noregs í Fenejvatvíæringnum. Megináherslan í starfsemi OCA er að styðja við og kynna norska myndlist á erlendum vettvangi.

Framkvæmdarstjóri: Katya García-Antón.

Meginmarkmið OCA eru að

- » vekja athygli á norskri list og menningarstarfi á alþjóðavettvangi,
- » stuðla að framúrskarandi alþjóðlegum vinnubrögðum norskra listamanna,
- » vera öflug upplýsingaveita um norska samtímalist fyrir fræðimenn og þeirra sem njóta lista bæði í Noregi og erlendis,
- » halda fyrirlestra og ráðstefnur, meðal annars um þróun í samtímalistum á alþjóðavettvangi,
- » vinna að sameiginlegum áherslum á norskum myndlistarvettvangi,
- » vera vettvangur fyrir umræðu um list og menningu.

FINNLAND

Frame, Visual Art Finland

Veffang: www.frame-finland.fi

Frame var stofnað árið 1992 í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og finnsku akademíunnar í þeim tilangi að veita ráðgjöf um finnska list innanlands og erlendis. Frame styður alþjóðleg átaksverkefni á sviði myndlistar, auðveldar faglegt samstarf og hvetur til þróunar á sviði lista með styrkveitingum, heimsóknum erlendra lista- og fræðimanna, ráðstefnum og málþingum. Frame styður einnig ýmis samvinnuverkefni, svo sem við uppsetningu sýninga og tengslamyndun. Frame sér um þátttöku Finnlands í Fenejvatvíæringnum og öðrum alþjóðlegum listviðburðum.

Framkvæmdastjóri: Raija Koli.

Markmið Frame eru að

- » styðja finnska list og stuðla að því að tengja hana alþjóðlegum vettvangi,
- » veita styrki,
- » bjóða erlendum myndlistarmönnum, sýningarstjórum og fræðimönnum til Finnlands til að hitta listamenn og kynnast myndlistarvettvangi í landinu,
- » styðja listamenn og fræðimenn á sviði myndlistar,
- » taka þátt í viðburðum, kaupstefnum og sýningum,
- » aðstoða finnska listamenn við að mynda sambönd og vinna að samstarfsverkefnum erlendis,

- » halda málþing og fundi og bjóða vinnustofudvöl í Finnlandi og erlendis,
- » veita upplýsingar um listviðburði heima og erlendis, og um útgefið efni um finnska list.

SAMEIGINLEGAR ÁHERSLUR KYNNINGARMÍÐSTÖÐVA Í ÖÐRUM NORRÆNUM RÍKJUM

Þegar litið er til systurstofnana annarstaðar á Norðurlöndum eru sumar miðstöðvarnar ríkisreknar stofnanir með ráðgefandi fagráð. Þær eru sumar hverjar að sameinast undir einn hatt eins og gerst hefur nýverið í Danmörku þar sem Statens Kunstråd og Statens Kunstfond hafa sameinast undir heitinu Statens Kunstfond. Markmiðið með sameiningunni var að tryggja aukin tækifæri allra sem starfa á vettvangi lista og hönnunar í Danmörku. Eins og áður er nefnt hefur hugtakið *norræna módelið* verið notað um þá þróun að sameina miðstöðvar listgreina undir eina opinbera stofnun. Flestar miðstöðvar vinna að því að auðvelda faglegt samstarf og hvetja til þróunar á fagvettvangi lista og hönnunar með styrkveitingum, heimsóknum erlendra lista- og fræðimanna, ráðstefnum og málþingum.

SAMEIGINLEGAR ÁHERSLUR MIÐSTÖÐVANNA ERU AÐ

- » vekja athygli á listgreinum og menningarstarfi í viðkomandi landi á alþjóðavettvangi,
- » vera öflug upplýsingaveita um samtímalistir og allt útgefið efni fyrir fræðimenn og áhorfendur, bæði á innlendum vettvangi og erlendum,
- » halda fyrirlestra, málþing og ráðstefnur og kynna þróun í samtímalistum á alþjóðavettvangi,
- » styðja listamenn og fræðafólk á sviði listgreina til að taka þátt í viðburðum, kaupstefnum og sýningum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

5 – UMRÆÐUFUNDIR / RÝNIHÓPAR

Stjórn Myndlistarráðs fékk fagmenn úr ýmsum geirum á myndlistarvettvangi til að koma á fundi með rýnihópssniði og ræða um starfsumhverfi myndlistar hérlendis og um hugmyndina um stofnun Miðstöðvar íslenskrar myndlistar. Fundirnir voru haldnir á skrifstofu Listasafns Íslands á Laufásvegi 12. Hver fundur stóð í um það bil hálfra aðra klukkustund og tók skýrsluhöfundur saman helstu umræðuatriði. Fundargerðir fundanna fjögurra eru í vörslu skýrsluhöfundar.

Þrjár spurningar voru lagðar til grundvallar við umræðu á fundunum. Höfðu þær verið sendar öllum fundarmönnum og þeir beðnir að velja þeim fyrir sér. Spurningarnar voru þessar:

HVAÐA ÁVINNINGUR HLÝST AF STOFNUN SÉRSTAKRAR MIÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR AÐ ÞÍNU MATI?

HVERNIG TELUR ÞÚ AÐ SLÍK MIÐSTÖÐ MYNDI GAGNAST ÞÍNU STARFSUMHVERFI?

HVAÐA ÞJÓNUSTU SÉRÐ ÞÚ FYRIR ÞÉR AÐ MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR VEITI?

Í upphafi fundanna skýrði formaður Myndlistarráðs frá verkefninu og tilgangi þess. Í máli formanns kom fram að stjórnarmenn teldu ávinning að því að setja á stofn sérstaka Miðstöð íslenskrar myndlistar og stjórnin vildi nú kanna hvort aðilar á myndlistarvettvangi væru á sama máli. Ræða þyrfti hvernig slík miðstöð gæti gagnast fjölbreyttri starfsemi á íslenskum myndlistarvettvangi og hvaða þjónustu slík stofnun ætti að veita. Meginmarkmið verkefnisins væri að efla íslenska myndlist innanlands.

RÝNIHÓPUR 1 – GALLERÍ, SAFNARAR, ÚTGEFENDUR, UPPBOÐSHALDARAR

Fyrsti fundurinn var haldinn 27. maí 2014. Fundinn sóttu menn úr hópi forstöðumanna gallería, safnara, útgefenda og uppboðshaldara. Fjöldi fundarmanna var 19, þ.m.t. fimm manna stjórn Myndlistarráðs og verkefnisstjóri. Stóð fundurinn í hálfra aðra klukkustund.

SPURNINGARNAR ÞRJÁR

Hvaða ávinningur hlýst af stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar að þínu mati?

- Með tilkomu Miðstöðvar íslenskrar myndlistar gæti skapast aukin tenging við stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga, þar sem mikilvæg málefni sem viðkoma starfsumhverfi myndlistar væru tekin fyrir á fundi Myndlistarráðs. Í kjölfarið gæti ráðið lagt fram tillögu að breytingum á fundi með ráðherra.
 - » Væri mikill styrkur fyrir starfsumhverfi myndlistar að hafa skýran farveg þannig að allir viti hvert er hægt að snúa sér þegar afla þarf upplýsinga eða óska eftir breytingum.
- Aukið samtal og samvinna á milli ólíkra geira í starfsumhverfinu.
 - » Á fundinum kom fram að þeir sem boðaðir voru kæmu sjaldan á einn stað að ræða þessi mál, og var vonast til að meira yrði um slíkar samkomur í framtíðinni.

Hvernig telur þú að slík miðstöð myndi gagnast þínu starfsumhverfi?

- Með því að bjóða fræðslu og stuðning við listfræðinga þannig að auka mætti gagnrýni og umfjöllun um myndlist.
- Með því að veita þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin við rekstur gallería upplýsingar og stuðning.
- Með því að aðstoða gallerieigendur, listfræðinga og sýningarstjóra við erlendar styrkumsóknir og tengslamyndun.

Hvaða þjónustu sérð þú fyrir þér að Miðstöð íslenskrar myndlistar veiti?

- Leiðbeina um rekstrar- og skattamál fyrir galleríhaldara og myndlistarmenn.
- Leggja fram tillögur um breytingar á tilhögun virðisaukaskatts á myndlist til ráðuneytisins.
- Vera vettvangur sem söfn og gallerí geta leitað til í sínum rekstri. Miðstöðin gæti veitt slíkum stofnunum stuðning, meðal annars með ráðgjöf.
- Fræða þá sem hyggjast sækja um þátttöku á Feneyjatvíæringnum, ákveða hvernig háttu skuli umsóknum og hvort um ákveðinn fókus er að ræða hverju sinni.
- Gefa ráð um umsóknir um erlenda styrki.

- Efla almenna umræðu um myndlist og leita leiða til að auka myndlistargagnrýni.

ÞJÓNUSTA

MÍM getur hugsanlega ekki veitt öllum þjónustu. Mikilvægt er að ákveða hvað liggur á að gera í starfsumhverfi myndlistar og hvernig sé best að standa að því. T.d. lagt til að Listskreytingasjóður verði í umsjá Myndlistarsjóðs til að styrkja framþróun sjóðsins.

Rætt um fjölmarga óvissuþætti sem þeir sem hyggjast opna nýtt gallerí standa frammi fyrir. Hvert skal t.d. leita til að afla sér upplýsinga um skattamál við sölu og kaup á myndlist?

STYRKIR

Styrkir úr Myndlistarsjóði eiga fyrst og fremst að renna til myndlistarsköpunar.

KYNNINGARMÍÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR

Rætt var um að æskilegt væri að fella hlutverk KÍM undir hina nýju miðstöð og spurt hvort ekki væri farið illa með fé að hafa tvær miðstöðvar í gangi. Rætt var hvernig opinberum fjármunum til lista væri best varið og hvort réttlætanlegt væri að greiða launakostnað starfsmanna af þeirri upphæð sem ætluð er fyrir styrki.

Að fela nýju myndlistarmiðstöðinni hlutverk KÍM gæti verið mikill kostur þar sem ákveðin þekking er nú þegar til staðar, sem og öflugt tengslanet sem unnið hefur verið að síðastliðin ár.

Þar sem hlutverk KÍM hefur að mestu snúist um að kynna íslenska myndlist erlendis væri eðlilegt skref að fella hlutverk KÍM undir nýja Miðstöð íslenskrar myndlistar. Meginhlutverk KÍM og nýju miðstöðvarinnar fara vel saman og sameiginlegt starf að þeim mundi efla heildina.

ERLENDAR MIÐSTÖÐVAR

Lagt var til að kannað yrði hvernig úthlutun úr sjóðum er háttáð annarstaðar á Norðurlöndum. Í sumum löndum er ákveðinn menningarsjóður sem fer með umsjá ríkisins í styrkveitingum til allra listgreina.

ÁBENDINGAR

Mikilvægt er að með stofnun MÍM verði ekki farið inn á starfssvið Listasafns Íslands sem hefur skilgreindu hlutverki að gegna í íslensku myndlistarlífi. Miðstöð íslenskrar myndlistar gæti tekið að sér að hafa yfirsýn yfir verkefni sem unnin eru á myndlistarvettvangi á Íslandi til að koma í veg fyrir tvíverknað.

Lagt var til að við ráðningu forstöðumanns nýrrar miðstöðvar yrði einnig leitað út fyrir landsteinana til að finna mann sem er vel tengdur og hefur yfirgripsmikla

reynslu og þekkingu. Það getur verið kostur að ráða forstöðumann sem ekki tengist neinum hagsmunum innanlands og hefur ekki eigin hagsmuna að gæta.

Hugmyndir komu fram um að vinnustaður Miðstöðvar íslenskrar myndlistar yrði til að byrja með ekki fjölmennur og því afar mikilvægt að vel yrði valið í allar stöður. Sjá þarf til þess að tengingin við drifandi afl listalífsins rofni ekki.

RÝNIHÓPUR 2 – SAFNAMENN, SÝNINGARSTJÓRAR

Annar fundurinn var haldinn 5. júní 2014. Fundinn sóttu forsvarsmenn safna og sýningarstjórar. Fjöldi fundarmanna var 11. Þ.m.t. fimm manna stjórn Myndlistarráðs og verkefnisstjóri. Stóð fundurinn í eina klukkustund og fimmtán mínútur.

SPURNINGARNAR ÞRJÁR

Hvaða ávinningur hlýst af stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar að þínu mati?

- Eykur umræðu og virðingu fyrir myndlist í samfélaginu.
 - » Mikilvægt að skapa alvöru atvinnugrein og auka virðingu fyrir starfi myndlistarmanna.
 - » Gott getur verið að líta til Hönnunarmiðstöðvarinnar í þessu samhengi. Með henni hefur skapast umræða og aukin virðing fyrir hönnun og arkitektúr.

Hvernig telur þú að slík miðstöð myndi gagnast þínu starfsumhverfi?

- Með því að auðvelda aðgengi að upplýsingum sem nýtist til að bæta vinnubrögð og verklag.
- Með því að skapa aukin tækifæri fyrir nýútskrifaða sýningarstjóra og listfræðinga.
- Með því að auka þverfaglegt samstarf.

Hvaða þjónustu sérð þú fyrir þér að Miðstöð íslenskrar myndlistar veiti?

- Aðstoða myndlistarmenn við styrkumsóknir.
- Aðstoða söfn og gallerí við að sækja um Evrópustyrki sem eru flóknir og krefjast þekkingar.
- Efla fræðilegan grunn við sýningarhald, gera grein fyrir mikilvægi fræðanna og auka fjármagn til þeirra.
 - » Fræðilegum grunni er oft sleppt því söfnin hafa ekki efni á því að ráða starfsfólk til þess að sinna þeim verkefnum.
- Miðstöðin gæti veitt sjálfstætt-starfandi sýningarstjórum aðstoð við að komast að við sýningar erlendis, auðveldað þeim að komast í samband við aðrar miðstöðvar og söfn og leiðbeint við að fylgja málum eftir.
- Það skiptir miklu máli að MÍM aðstoði aðila á myndlistarvettvangi við að mynda loftbrú milli Íslands og annarra landa.
- Stuðla að því að fleiri alþjóðlegar sýningar verði settar upp á Íslandi.
- Miðstöðin gæti tekið að sér að bjóða erlendum sýningarstjórum til Íslands til þess að setja upp sýningar.

- » Það er einmitt það sem forstöðumenn og sýningarstjórar safna sækjast eftir.
- Koma á fót tvíæringi á Íslandi, bjóða sýningarstjórum og safnstjórum að koma til landsins og búa til sína eigin sýningu.
 - » Svolfítið hefur verið gert af þessu hér en það er takmarkað og ómarkvisst. Hægt væri að vinna töluvert meira í þessa átt og fara í samvinnu við KÍM við að fá sýningarstjóra til Íslands. Bjóða fram stúdío og sömu aðstöðu og listamenn fá. Ungir sýningarstjórar kæmu og störfuðu í nokkra mánuði, söfnin gætu lagt til sal fyrir sýningarnar. Slíkt starf gæti líka opnað fyrir tækifæri erlendis, boð um sýningar og samstarf.
 - » SÍM hefur fengið fyrirspurnir um samstarf af þessu tagi. Á hverju ári koma um 200 listamenn til landsins á vegum SÍM. Listamennirnir koma á styrkjum frá sínu heimalandi, og væri gott að nýta veru þeirra og þekkingu betur. Mikil aðsókn er í að koma til Íslands og nauðsynlegt að tengja þessa starfsemi betur við innlandan myndlistarvettvang.
- Hægt væri að gefa út ársrit myndlistar með greinum og yfirliti yfir það sem fór fram á árinu.
 - » Slíkt rit er t.d. gefið út í Sviss og mörgum efnaðri ríkjum, ef til vill of dýrt fyrir Ísland. Gæti verið hluti af árbók, og komið út einu sinni á ári. Þegar unnið er að slíku riti er alltaf hætta á að það nái ekki yfir allan fagvettvanginn, ákveðið úrval þarf að eiga sér stað.
- Ráðgjöf og stuðningur við rit um íslenska myndlist gæti verið eitt af hlutverkum miðstöðvarinnar.
- Þjónusta fyrir fagvettvang myndlistar.
- Upplýsingagjöf fyrir allan myndlistarvettvanginn.

ERLENDAR FYRIRMYNDIR

Annarstaðar á Norðurlöndum er landslagið öðuvísi en á Íslandi. Ráðið er fagfólk og beint sjónum að ákveðnum hlutum hverju sinni. Þar er talið að ekki sé hægt að sinna öllum og þjónusta alla.

Í Finnlandi er ákveðið gagnsæi í starfseminni, ör mannaskipti eru í stjórnunar- og áhrifastörfum á myndlistarvettvangi og menn einbeita sér að ákveðnu viðfangsefni hverju sinni.

MIÐSTÖÐVAR LISTGREINA Á ÍSLANDI

Í Hönnunarmiðstöðinni hefur verið mikil gróska, og hún hefur átt þátt í vissri vitundarvakningu í landinu um hönnun. Ástæðan getur verið sú að mikill metnaður hefur ríkt þar í starfi og faglega er staðið að kynningarstarfi miðstöðvarinnar, sem hefur verið unnið með réttu hugarfari. Ekki er endilega nauðsynlegt að ráða marga starfsmenn en mikilvægt að vanda valið.

Í Kvikmyndamiðstöðinni eru verkefni tekin í fóstur. Kvikmyndamenn fá leiðbein-
endur til að vinna að verkefnum með sér, einstaklingar geta fengið styrk til þess að
móta hugmyndir sínar, vinna að handriti, og verkefnum er fylgt eftir. Sömu aðferða-
fræði væri hægt að beita fyrir myndlistarmenn. Það er ekki peningastyrkurinn einn
sem skiptir máli heldur þarf að veita leiðsögn við framkvæmd og úrvinnslu
verkefna. Slíkt samtal vantar í myndlistina.

Nýsköpunarmiðstöð rekur þjónustu um skattamál og annað sem gæti nýst ýmsum
aðilum á myndlistarvettvangi, kannski er hægt að beina fólki þangað.

ÁBENDINGAR

Mikilvægt er að spyrja sig hvort starfsemi SÍM og nýju miðstöðvarinnar myndu
skarast. Ekki gott að margir séu að vinna í því sama.

Nú sér KÍM um Feneyjatvíæringinn. Hver á að sjá um tvíæringinn í framtíðinni, ætti
Myndlistarráð að taka það að sér? Spurningar hafa borist frá ráðuneytinu um hvort
tvíæringurinn sé raunhæfur kostur fyrir íslenska myndlist, hvers vegna við erum
með þar en ekki annarstaðar.

Huga þarf að starfsmönnum á nýrri miðstöð, fjölda þeirra og þeim verkefnum sem
miðstöðin á að sinna. Nauðsynlegt að búa til fókus.

RÝNIHÓPUR 3 – MYNDLISTARMENN

Þriðji fundurinn var haldinn 11. júní 2014. Fundinn sátu myndlistarmenn með margvíslega þekkingu og reynslu. Fjöldi fundarmanna var 15, þ.m.t. fimm manna stjórn Myndlistarráðs og verkefnisstjóri. Stóð fundurinn í hálfra aðra klukkustund.

SPURNINGARNAR ÞRJÁR

Hvaða ávinningur hlýst af stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar að þínu mati?

- Aukin samvinna á sviði myndlistar. Lagt til að KÍM og MÍM yrðu ein miðstöð.
- Þar getur skapast heildarstrúktur með því að sameina öll verkefni sem tengjast myndlist á einn stað. Þá er mikilvægt að hafa verkefnin sýnileg og aðgengileg öllum. Það þarf að vera skýrt hverjir vinna að hvaða verkefnum innan miðstöðvarinnar.
- Tækifæri gefst til þess að endurskipuleggja þjónustu eins og SÍM veitir, og aðgreina listgreinar frá listiðnaðargreinum (textíl, keramik, grafík). Þarfir hópanna í þessum tveimur greinahópum eru misjafnar og þyrfti að sinna á ólíka vegu.

Hvernig telur þú að slík miðstöð myndi gagnast þínu starfsumhverfi?

- Með auknum stuðningi við minni gallerí.
- Með betri aðgangi að upplýsingum.
- Hún gæti betur komið málum á borð ráðuneytisins, og unnið að því að bæta starfsumhverfi myndlistar.
- Með aðstoð í skattamálum við kaup og sölu á listaverkum.
- Með stuðningi við útgefendur, sem gætu hugsanlega unnið að tímariti um íslenska myndlist í samvinnu við miðstöðina.

Hvaða þjónustu sérð þú fyrir þér að Miðstöð íslenskrar myndlistar veiti?

- Miðstöðin gæti unnið að verkferlum sem auka samstöðu á sviði myndlistar.
- Auka þarf umfjöllun um myndlist, Víðsjá er eini miðillinn sem fjallar markvisst um myndlist.
 - » Almennigur lítur ekki á myndlist sem atvinnugrein.
- Miðstöðin gæti unnið að norrænni samvinnu, og komið á samsýningu á Norðurlöndum.
- Aðstoðað við umsóknir, t.d. um starfslaun listamanna.
- Mynda tengsl við verðandi sýningarstjóra og listfræðinga.
 - » Enginn umræðuvettvangur fyrir fagstéttina. Það vantar dýalog fyrir þá sem eru nýútskrifaðir.
- Annast gott tímarit um íslenska myndlist.

- Veita ráðgjöf um lögfræðisamninga. Fram kom að SÍM hygðist hafa slíka þjónustu í boði haustið 2014.
- Hafa umsjón með Listskreytingasjóði ríkisins, sem ekki hefur verið veitt úr síðustu þrjú ár.
 - » Lögum um að 1% af frumkostnaði ríkisbygginga eigi að nýtast í kaup á samtímamyndlist er ekki framfylgt. Starfsmaður hjá miðstöðinni gæti sinnt verkefnum tengdum sjóðnum og séð til þess að lögnum sé framfylgt.
- Miðstöðin þyrfti að byggja upp umræðugrundvöll og mynda þrýstihópa.
 - » Í haust ætlar SÍM að leggja sig fram við að aðstoða myndlistarmenn við að fá greitt fyrir vinnu sína – *Borgum listamönnum* (eins og í Bretlandi). Kannski væri slík vinna nokkuð sem MÍM gæti komið að.

SKERÐING FJÁRVEITINGA

Með því að sameina of margar stofnanir er hætt á því að fjárveitingar til myndlistar skerðist, því þarf að passa vel upp á að heildarupphæðin sem varið er til myndlistar minnki ekki. Rætt um mögulega tregðu opinberra aðila til að koma á fót nýrri stofnun.

STYRKIR

Myndlistarsjóður veitir ekki rekstrarstyrki. Ef hægt væri að styrkja rekstur gallería yrði sá rekstur lífvænlegri og þeim tækist betur að skapa sér rekstrargrundvöll.

- Reykjavíkurborg sér ekki tilgang með því að styðja minni gallerí. Það væri þó hugsanlega hlutverk sveitarfélaga að taka það að sér.
- Í Frakklandi geta gallerí sótt um styrk til þess að vinna sýningarskrá fyrir fyrstu einkasýningu myndlistarmanns. Þetta mætti athuga hérlendis.
- Söfnin eru fjársvelt eftir hrun og sækja því oft í sömu sjóði og sjálfstætt-starfandi myndlistarmenn.
 - » Söfnin þurfa að hafa samráð við myndlistarmenn þegar þau sækja um styrk fyrir sýningum sem þeir eru að vinna að.
 - » Grundvallaratriði er að styrkir renni beint til myndlistarmanna.

SKATTUMHVERFIÐ

Skoða þarf skattaumhverfi myndlistar annarstaðar á Norðurlöndum. Kerfið hér á landi er líklega óhagstætt fyrir myndlist. Ekki er lagður virðisaukaskattur á sölu verka og því geta myndlistarmenn ekki nýtt sér innskatt fyrir vinnu sína við sýningarhald og sölu verka.

SAMVINNA VIÐ NORÐURLÖND

Til greina kæmi að vinna náið með öðrum norrænum miðstöðvum og vera hluti af

stærri heild. Í gegnum norrænt samstarf geta opnast tækifæri fyrir myndlistarmenn til Þýskalands og annarra Evrópulanda.

ÁBENDINGAR

Spurningar sem mikilvægt er að hafa í huga við stofnun nýrrar miðstöðvar:

- Kemur miðstöðin til með að þjóna öllum geirum á myndlistarvettvangi?
- Þyrfti miðstöðin ekki að vera í þverfaglegu samstarfi við Íslandsstofu og ferðaþjónustuna?
- Verður miðstöðin sjálfseignarstofnun eða getur ríkið rekið hana að hluta til?
- Skoða þarf hver ávinningurinn af stofnun Miðstöðvar íslenskrar myndlistar getur verið fyrir starfsumhverfi myndlistar.
- Nauðsynlegt að skilgreina betur hlutverk stofnana á myndlistarvettvangi, hver á að sinna hverju.
- Gera fjárhagsáætlun um rekstur miðstöðvarinnar næstu 5–10 árin.
- Talið er að KÍM taki undir hugmyndir um stofnun MÍM þar sem miðstöðin er fjársvelt og getur lítið sinnt innlendri þjónustu við myndlistarmenn og kynningu innanlands.
 - » Stofnunin hefur veikst og staða hennar er ótrygg.
 - » Í KÍM er að finna mikla reynslu sem ber að nýta.
 - » Það þarf fleiri starfsmenn til að sinna fleiri verkefnum.
 - » Auka þyrfti fjárveitingu frá ríkinu til þátttöku Íslands á tvíæringnum.

RÝNIHÓPUR 4 – HÁSKÓLAMENN

Fjórði fundurinn var haldinn 28. ágúst 2014. Fundinn sóttu kennarar og fræðimenn með þekkingu á myndlist frá Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Myndlistarskóla Reykjavíkur. Fjöldi fundarmanna var 12. Þ.m.t. fimm manna stjórn Myndlistarráðs og verkefnisstjóri. Stóð fundurinn í hálfra aðra klukkustund.

SPURNINGARNAR ÞRJÁR

Hvaða ávinningur hlýst af stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar að þínu mati?

- Stuðlar að stórauðni samstarfi fagaðila og stofnana á myndlistarvettvangi á markvissan hátt, sérstaklega gagnvart útlöndum.
- Skapar vettvang þar sem þekking varðveitist.
 - » Erfitt getur verið að nálgast upplýsingar um viðburði og sýningar sem tengjast myndlist. Skólakerfið hefur lítila sem enga aðkomu að myndlist.
- Veita upplýsingar við miðlun og kennslu á grunn- og framhaldsskólastigi.
 - » Það væri mikill styrkur fyrir skólakerfið að hafa myndlistarmiðstöð þar sem hægt væri að sækja upplýsingar um íslenska myndlist, um verkefni sem unnið er að á sviði myndlistar, um myndlistarrannsóknir og um ráðstefnur um myndlist.

Hvernig telur þú að slík miðstöð myndi gagnast þínu starfsumhverfi?

- Miðstöðin gæti sinnt þjónustu við fræðasamfélagið.
 - » Þeir sem stunda rannsóknir á myndlist geta ekki sótt upplýsingar né styrki annað en til myndlistarvettvangsins sjálfs, þar er t.d. ekki gert ráð fyrir styrkjum né þjónustu fyrir listfræðinga eða sýningarstjóra.

Hvaða þjónustu sérð þú fyrir þér að Miðstöð íslenskrar myndlistar veiti?

- MÍM gæti séð um miðlæga upplýsingaveitu fyrir myndlistarvettvanginn í heild.
- Veita upplýsingar um helstu rannsóknir.
- Annast yfirlit um allar sýningar.
- Veita upplýsingar fyrir erlenda aðila um íslenska myndlist.
- Hvetja til umræðna um íslenska myndlist.
- Miðstöðin gæti verið með tímarit um íslenska myndlist.
 - » Skortur á tímaritum hefur verið viðloðandi. Skírnir, Birtingur, Endemi, Sjónauki, Teningur, Svart á hvítu eru dæmi um tímarit sem hafa verið virk og fjallað um íslenska myndlist en þau hafa fæst náð að halda dampi.

- » Útgáfa á myndlistartengdu efni er vannýttur vettvangur og gæti eflst ef miðstöðin gæfi út tímarit um íslenska myndlist eða stuðlaði að slíkri útgáfu.

RÁÐGJÖF

Ný myndlistarmiðstöð gæti veitt stofnunum og fyrirtækjum ráðgjöf um íslenska myndlist, og unnið að samstarfsverkefnum með grunn- og framhaldskólum um fræðslu og miðlun myndlistar.

STYRKIR

Allir sem starfa á myndlistarvettvangi þurfa að gett sótt um rannsóknarstyrki á sínu sviði.

Passa þarf upp á fjárveitingar til Myndlistarsjóðs og til félaga sem starfa við myndlist. Koma þarf í veg fyrir að Myndlistarsjóður þynnist. Mikilvægt að til sé stofnun sem hefur yfirsýn og myndi vinna að því að auka fjármagn á myndlistarvettvangi og auka styrkmöguleika.

Nú eru styrkveitingar til myndlistar þrískiptar: Styrkir sem KÍM úthlutar, styrkir sem Myndlistarsjóður úthlutar, og styrkir úr ýmsum sjóðum sem Rannís hefur umsjón með.

- » Miðstöðin gæti veitt upplýsingar um fánlega styrki til ráðstefnuhalds og verkefna sem tengjast vinnu listfræðinga sem starfa við myndlist.

FYRIRMYNDIR

Þegar litið er til miðstöðva erlendis hefur KÍM staðið sig nokkuð vel. Flestar miðstöðvanna hafa gengið í gegnum miklar breytingar. Svipað flækjustig um fjárveitingar af fjárlögum og rekstrarform og finna má hér á landi er að finna hjá systurstofnunum á Norðurlöndum. Misjafnt er hvort þær beita sér innanlands, erlendis eða hvortveggja.

ÁBENDINGAR

Mikilvægt er að einbeita sér að þjónustuhlutverkinu ef ný Miðstöð íslenskrar myndlistar verður stofnuð, og skilja á milli Myndlistarsjóðsins og nýrrar miðstöðvar.

KÍM var frá upphafi hugsuð til að kynna íslenska myndlist erlendis og hefur stofnskráin ekkert breyst frá því hún var samþykkt í upphafi. Með einum starfsmanni í viðbót hjá KÍM væri hægt að sinna aukinni þjónustu við myndlistarvettvanginn.

Skoða þarf vel hlutverk stofnunarinnar. Passa þarf upp á að miðstöðin verði sjálfstæð eining, óháð stjórnkerfi og þröngum hópi innan myndlistarvettvangsins.

Spurningar sem mikilvægt er að velta fyrir sér við stofnun Miðstöðvar íslenskrar myndlistar:

- » Á miðstöðin að veita öllum þeim sem starfa við myndlist á Íslandi þjónustu sína?
- » Þarf miðstöðin að takmarka þjónustu sína og leggja aukna áherslu á það sem Myndlistarráð telur brýnt hverju sinni?

ÞÁTTAKENDUR Í RÝNIHÓPUM

RÝNIHÓPUR 1 – GALLERÍ, SAFNARAR, ÚTGEFENDUR, UPPBOÐSHALDARAR

Fundargestir – 27. maí	
Katrín Einarsdóttir	fyrrv. stjórnarmaður KÍM f.h. utanríkisráðuneytisins
Kristinn Hrafnsson	fyrrv. stjórnarmaður KÍM f.h. menntamálaráðuneytisins
Pétur Arason	safnari
Börkur Arnarson	Gallerí i8
Jóhann Ágúst Hansen	Gallerí Fold
Helga Óskarsdóttir	Týsgallerí
Sirra Sigurðardóttir	Kling og Bang
Guðlaug Mía Eypórsdóttir	Kunstschlager
Kristján B. Jónasson	Crymogea
Sigurður Magnús Finnsson	Útúrdúr
Ágúst Skúlason	Tveir Hrafnar
Sigurður Gísli Pálmason	safnari
Vilhjálmur Bjarnason	alþingismaður

Myndlistarráð	
Kristján Steingrímur Jónsson	formaður / fundarstjóri
Ólöf K. Sigurðardóttir	safnstjóri Hafnarborgar
Ásmundur Ásmundsson	myndlistarmaður
Ósk Vilhjálmsdóttir	myndlistarmaður
Dagný Heiðdal	deildarstjóri listaverkadeildar Listasafns Íslands
Ásdís Spanó	verkefnisstjóri / ritari

RÝNIHÓPUR 2 – SAFNAMENN, SÝNINGARSTJÓRAR

Fundargestir – 5. júní	
Hafþór Yngvason	safnstjóri Listasafns Reykjavíkur
Þorgerður Ólafsdóttir	safnstjóri Nýlistasafnsins
Markús Andrésson	sýningarstjóri
Birta Guðjónsdóttir	sýningarstjóri

Aðalsteinn Ingólfsson	listfræðingur
-----------------------	---------------

Myndlistarráð	
Kristján Steingrímur Jónsson	formaður / fundarstjóri
Ólöf K. Sigurðardóttir	safnstjóri Hafnarborgar
Ásmundur Ásmundsson	myndlistarmaður
Halldór Björn Runólfsson	safnstjóri Listasafns Íslands
Ingibjörg J. Gunnlaugsdóttir	framkvæmdastjóri SÍM
Ásdís Spanó	verkefnisstjóri / ritari

RÝNIHÓPUR 3 – MYNDLISTARMENN

Fundargestir – 11. júní	
Katrín Elvarsdóttir	stjórnarmaður KÍM
Ólöf Nordal	myndlistarmaður
Unnar Örn Jónasson Auðarson	myndlistarmaður
Jóna Hlíf Halldórsdóttir	formaður SÍM
Elín Hansdóttir	myndlistarmaður
Unndór Egill Jónsson	formaður Myndhöggvarafélagsins
Sigurður Árni Þórðarson	myndlistarmaður
Birgir Snæbjörn Birgisson	myndlistarmaður
Rúri	myndlistarmaður

Myndlistarráð	
Kristján Steingrímur Jónsson	formaður / fundarstjóri
Ólöf K. Sigurðardóttir	safnstjóri Hafnarborgar
Ásmundur Ásmundsson	myndlistarmaður
Halldór Björn Runólfsson	safnstjóri Listasafns Íslands
Ósk Vilhjálmsdóttir	myndlistarmaður
Ásdís Spanó	verkefnisstjóri / ritari

RÝNIHÓPUR 4 – HÁSKÓLAMENN

Fundargestir – 28. ágúst	
Hlynur Helgason	lektor, Háskóla Íslands
Ólafur Sveinn Gíslason	prófessor, Listaháskóla Íslands
Hulda Stefánsdóttir	prófessor, Listaháskóla Íslands
Aðalheiður Guðmundsdóttir	aðjunkt, fagstjóri í listfræði, Listaháskóla Íslands
Áslaug Thorlacius	skólastjóri Myndlistarskóla Reykjavíkur

Myndlistarráð	
Kristján Steingrímur Jónsson	formaður / fundarstjóri
Ólöf K. Sigurðardóttir	safnstjóri Hafnarborgar
Ásmundur Ásmundsson	myndlistarmaður
Halldór Björn Runólfsson	safnstjóri Listasafns Íslands
Dagný Heiðdal	listfræðingur
Ingibjörg Jóhannsdóttir	framkvæmdastjóri SÍM
Ásdís Spanó	verkefnisstjóri / ritari

SAMANTEKT UMRÆÐNA Í RÝNIHÓPUM

Í samantekt umræðna í rýnihópunum koma fram þau viðhorf sem helst heyrðust í hópunum um einstakar spurningar eða efnisatriði.

SPURNINGARNAR ÞRJÁR

Hvaða ávinningur hlýst af stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar að þínu mati?

- Unnið yrði að markvissri kynningu íslenskrar myndlistar, innanlands og erlendis.
- Skapar farveg eða tengingu milli myndlistarvettvangsins og stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga.
- Tilvist atvinnugreinar sem borin er virðing fyrir.
- Til yrði öflugur gagnagrunnur/upplýsingaveita um íslenska myndlist. Þekking varðveitist.
- Til yrði fagleg miðstöð sem þjónaði myndlistarmönnum og öðrum fagmönnum á myndlistarvettvangi.
- Slík stofnun stæði vörð um myndlistarvettvanginn og stuðlaði að eflingu hans.
- Til yrði fagstofnun sem staðið gæti undir vönduðum alþjóðlegum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, söfn og aðrar stofnanir á myndlistarvettvangi.

Hvernig telur þú að slík miðstöð myndi gagnast þínu starfsumhverfi?

- Með aðstoð um skattamál við kaup og sölu á listaverkum.
- Með stuðningi við útgefendur. Með því að standa fyrir eða stuðla að útgáfu tímarits um íslenska myndlist.
- Með auknum tækifærum fyrir nýútskrifaða sýningarstjóra og listfræðinga.
- Með auknu þverfaglegu samstarfi.
- Með auknum samskiptum og samvinnu á milli ólíkra geira innan myndlistarvettvangsins.
- Með aukinni aðstoð við þá sem eru að stíga fyrstu skrefin á sínu sviði.

Hvaða þjónustu sérð þú fyrir þér að Miðstöð íslenskrar myndlistar veiti?

- Þar verði upplýsingaþjónusta með öflugum gagnagrunni um verk myndlistarmanna og yfirliti um verkefni og rannsóknir.
- Þar verði upplýsingaveita um viðburði, sýningar, málþing og ráðstefnur sem tengjast íslenskri myndlist.
- Tengslamyndun og samstarf við erlendar miðstöðvar myndlistar.

- Þar verði í boði stuðningur og aðstoð við að stofna til verkefna og rannsókna á myndlistarsviði innanlands og erlendis, eða taka þátt í þeim.

MIÐLUN

- Sinna kynningarmálum og stuðla að eflingu kynningar innanlands og erlendis.
- Reka vandaðan gagnabanka um íslenska myndlist sem aðgengilegur væri innlendum og erlendum aðilum.
- Styðja og stuðla að faglegri útgáfu um íslenska myndlist innanlands og erlendis.
- Stuðla að aukinni fræðslu um myndlist til almennings innanlands.
- Efla vandaða umfjöllun um íslenska myndlist í samfélaginu.
- Huga að því sérstaklega að gera upplýsingar um myndlist aðgengilegar fyrir kennara á grunn- og framhaldsskólastigum.

BARÁTTUMÁL ÞEIRRA SEM STARFA VIÐ MYNDLIST

- Standa vörð um hag og framgang íslenskrar myndlistar og þeirra sem við hana starfa gagnvart ríki og sveitarfélögum.
- Stuðla að auknu fjármagni á myndlistarvettvangi og auknum styrkjum til myndsköpunar, til umfjöllunar um myndlist og til rannsókna.
- Hlúa vel að Myndlistarsjóði og faglegri úthlutun úr honum.
- Vinna að réttindum og kjörum fagfólks á myndlistarvettvangi gagnvart stofnunum og öðrum aðilum sem fást við myndlist, í samstarfi við fagfélög, t.d. um lánakjör þegar verk eru fengin á sýningar og launaviðmið fyrir ýmis störf að myndlist.

NORRÆN SAMVINNA

- Kanna samvinnu við norrænar miðstöðvar og stofnanir. Í norrænu samstarfi leynast ýmis tækifæri og þar geta opnast dyr til aukinnar samvinnu innan Evrópu.

STYRKIR


- Annast yfirlit um alla styrki sem í boði eru, og veita um þá ráðgjöf og upplýsingar.

RÁÐGJÖF

- Veita ráðgjöf um íslenska myndlist til stofnana og fyrirtækja.

6 – SVÓT-GREINING Á TÆKIFÆRUM OG ÁSKORUNUM VIÐ STOFNUN MÍM

Með svót-greiningu (Styrkleikar – Veikleikar – Ógnanir – Tækifæri) má skilgreina nánar hvaða tækifæri og áskoranir fylgja því að setja á stofn sérstaka Miðstöð íslenskrar myndlistar. Til þess að miðstöðin nái árangri þarf hún að byggja á styrkleikum sínum, bæta upp veikleikana, verja sig gegn ógnunum og nýta þau tækifæri sem með miðstöðinni gætu skapast fyrir myndlistarvettvanginn og samfélagið í heild. Mikilvægt er að kanna hvort styrkleikarnir eru nægilega miklir til að unnt sé að nýta þau tækifæri sem skapast gætu með miðstöðinni. Það er því mikilvægt að skoða alla þættina í samhengi og draga síðan ályktanir út frá heildinni. Svót-greiningin er unnin út frá umræðunum í rýnihópum og samantektinni um miðstöðvar á Íslandi og hinum Norðurlandarákjunum.



STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR – INNRI ÁHRIF

Styrkleikar: Þegar litið er til styrkleikanna ber fyrst að nefna þá þekkingu sem nú þegar er til staðar og þá stuðningsstöð sem eflað hefur verið hjá Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar. Sú þekking nýtist að mestu við kynningu á Íslenskri myndlist erlendis ásamt upplýsingaveitu um Íslenska myndlistarmenn og tengingu við erlendar miðstöðvar og aðrar stofnanir á sviði myndlistar. Þessa uppbyggingu ber að nýta og byggja á við stofnun sérstakrar Miðstöðvar Íslenskrar myndlistar. Komið hefur fram að á myndlistarvettvangi sé fyrir hendi áhugi á að vinna saman að miðstöð sem hefði að leiðarljósi hagsmuni allra sem starfa við myndlist.

Nýlegt fagráð, Myndlistarráð, hefur nú stigið fyrstu skrefin í þeirri vinnu að kanna hvort forsendur eru fyrir því að setja á stofn nýja myndlistarmiðstöð, MÍM. Hefur fagráðið með þessari skýrslu og undirbúningi hennar hafið umræður um fyrirkomulag og rekstur nýrrar miðstöðvar. Ætti sú vinna ráðsins að skila sér í aukinni meðvitund um þau verkefni sem vinna þarf að til þess að styrkja myndlistarvettvanginn innanlands.

Veikleikar: Í umræðum rýnihópanna kom fram að helsti veikleiki á myndlistarvettvangi væri skortur á samstöðu milli stofnana og félagasamtaka sem vinna að myndlist. Vantað hefur sameiginlegan stað til þess að ræða málefni sem snerta myndlistarvettvanginn í heild og auka þar með samráð og gagnkvæman stuðning. Einnig hefur borið á því að margir sinni svipuðum verkefnum og er stundum óljóst hver ber ábyrgð á tilteknum verkefnum eða er í forsvari fyrir þau. Í þessu samhengi er einnig rétt að nefna óvissu um hvert sé best að sækja almennar upplýsingar og hvar sé að finna stuðning og ráðgjöf. Þá þjónustu og stuðning hafa margir sótt til Sambands Íslenskra myndlistarmanna en ekki hafa allir sem starfa við myndlist möguleika á að sækja þangað stuðning og aðstoð. Takmarkaðar upplýsingar hafa fengist hjá KÍM þar sem hún starfar fyrst og fremst að kynningu erlendis.

Dreifingu fjárframlaga frá ríki og sveitarfélögum til stofnana og félagasamtaka ber einnig að skoða vel. Mikilvægt er að sérstakt fagráð myndlistar komi að úthlutun fjárframlaga frá ríki og sveitarfélögum og að horft sé heildrænt á myndlistarvettvanginn allan við þá vinnu. Fjárframlögin mega ekki dreifast á margar stofnanir og félagasamtök þannig að hægt sé að vinna að stærri verkefnum sem fleiri njóta góðs af. Með aukinni yfirsýn kæmi betur í ljós að styðja þarf enn betur við starfsumhverfi myndlistar á Íslandi svo að það geti vaxið og dafnað. Fjárframlög til myndlistar eru ekki nægileg til að sinna helstu verkefnum og þarf í flestum tilvikum að leita annað eftir fjárstuðningi.

TÆKIFÆRI OG ÓGNANIR – YTRI ÁHRIF


Tækifæri: Þegar litið er til ytri áhrifa á starfsumhverfi myndlistar er fyrst að nefna að með aukinni kynningu hérlendis væri hægt að efla myndlistarvettvanginn til muna.

Með aukinni kynningu og sýnileika gæti skapast aukin meðvitund og áhugi hjá almenningi um íslenska myndlist og í leiðinni fleiri tækifæri hjá gallerieigendum, útgefendum, myndlistarmönnum og öðrum sem starfa við myndlist á Íslandi. Í rýnihópunum kom sérstaklega fram að öflug kynning og sýnileiki gætu skapað myndlistinni ímynd sem atvinnugrein sem borin er virðing fyrir. Dæmi um slíka þróun má sjá þegar litið er til hönnunar og arkitektúrs á Íslandi og athuguð verkefni sem unnin hafa verið hjá Hönnunarmiðstöðinni á undanförnum árum, svo sem HönnunarMars sem hefur skapað töluverðar umræður um íslenska hönnun og aukið áhuga fólks og virðingu fyrir greininni. Með því að stofna sérstaka Miðstöð íslenskrar myndlistar væri hægt að vinna að slíkum verkefnum og gera myndlist sýnilegri í samfélaginu, þannig að almenningur hefði fleiri tækifæri til þess að njóta hennar, afla sér upplýsinga um hana og ekki síður fjárfesta í henni.

Mikið hefur verið rætt um að styrkja þurfi grunnskólamenntun í landinu og auka sköpunarpátt í allri kennslu. Í skýrslu Bamford (2009) um list- og menningarfræðslu á Íslandi kom fram að efla þurfi skapandi nám í grunnskólunum. Vönduð upplýsingaveita um íslenska myndlist, myndlistarmenn og aðra sem starfa við myndlist gæti hjálpað til við skapandi nálgun í kennslu og miðlun. Ráðuneytið gæti einnig falið miðstöðinni að vinna að verkefnum um myndlistartengt nám í landinu.

Stuðningi við myndlistarvettvanginn er ábótavant. Það kemur m.a. fram í verulegri fækkun innlendra sýninga á undanförnum árum (sjá mynd 1 á næstu síðu um sýningar innlendra myndlistarmanna á árunum 1980–2010). Sjá má merki þess að styðja þurfi verulega við myndlistarvettvang innanlands. Auka þarf styrkveitingar og þjónustu til að myndlistin geti vaxið og dafnað á ný eins og gerst hefur í nágrannalöndum (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011).

Mynd 1.



Með stofnun Myndlistarráðs eru boðleiðir til stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga orðnar greiðari og skilningur eykst gagnvart stuðningi við verkefni á sviði myndlistar. Í rýnihópum var rætt um að það væri mikilvægt að byggja upp vandaðan gagnagrunn um íslenska myndlistarmenn og aðra aðila á myndlistarvettvangi. Slík þjónusta gæti eftir myndlistarránsóknir, auðveldað íslenskum og erlendum fræði- og áhugamönnum að nálgast upplýsingar og rannsóknir um íslenska myndlist, og gagnast í viðskiptum með myndlistarverk heima og erlendis. Slíkur gagnagrunnur myndi einnig efla fræðslu um íslenska myndlist í skólum og auka möguleika myndlistarkennara til skapandi nálgunar í kennslustörfum sínum.

Ógnanir: Bent hefur verið á nokkur atriði sem gætu ógnað faglegri framvindu við rekstur miðstöðvarinnar. Ef KÍM og nýja miðstöðin yrðu sama stofnunin mega fjárframlög ætluð starfsemi KÍM ekki skerðast. Sýna þarf fram á að miðstöðin gæti sinnt verkefnum KÍM ásamt verkefnum við kynningu á myndlist innanlands og almennum stuðningi við myndlistarvettvanginn. Verkefni eru fjölmörg og miðstöðin þarf að geta ráðið til sín starfsfólk til að sinna þeim verkefnum sem hún ákveður að taka að sér. Slíkt er ekki alltaf raunin hjá svipuðum miðstöðvum nú, sem sumar hafa aðeins einn starfsmann (eða eitt stöðugildi) og ná ekki að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem liggja fyrir. Mikilvægt er að miðstöðin hafi einnig faglega yfirsýn um það sem aðrar stofnanir og félagasamtök eru að vinna að hverju sinni. SÍM hefur verið að vinna að fjölmörgum verkefnum sem mörg hver felast í þjónustu við stóran hluta myndlistarvettvangsins ásamt þjónustu við


almenning og erlenda aðila. Finna þarf samvinnugrundvöll allra stofnana og félagasamtaka sem starfa á sviði myndlistar og koma í veg fyrir tvíverknað.

Félagasamtök á myndlistarvettvangi eru fjölmörg. Ekki hefur verið nein ein sameiginleg miðstöð fyrir hendi til að auðvelda þeim aðgang að upplýsingum, styðja þau og leiðbeina í sinni vinnu. Slík miðstöð gæti aukið samráð milli einstaklinga sem starfa í ólíkum geirum á myndlistarvettvangi. Slíkt samráð væri einnig leið til þess að efla starfsumhverfi myndlistar og skapa ný verkefni.

SÍM hefur reynt að styðja við og skapa umræðuvettvang og upplýsingaveitu fyrir mörg félagasamtök á sviðið myndlistar. SÍM eru samtök myndlistarmanna og ná ekki yfir aðra sem starfa á fagvettvangnum, svo sem listfræðinga og listsagnfræðinga, safnafólk og myndlistarkennara, sem þurfa að sækja annað eftir upplýsingum og þjónustu sem tengist myndlist. Þetta á einnig við ýmsar listastofnanir og aðra fagaðila, og um áhugamenn úr hópi almennings.

Á 2. mynd er sýndur fjöldi félagasamtaka og einstaklinga sem skráðir voru í SÍM á tímabilinu 1996–2009. Þar eru myndlistarmenn með einstaklingsaðild fjölmennastir. (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011).

Mynd 2.



Samkvæmt 3 gr. myndlistarlaga er það hlutverk Listasafns Íslands að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar ásamt því að afla þekkingar á íslenskrri myndlist og miðla henni til almennings og sérfræðinga til fræði- og rannsóknarstarfa (Myndlistarlög nr. 64/2012). Starfssvið Listasafnsins er víðfeðmt og ber nýrri miðstöð myndlistar að varast að fara inn á starfssvið safnsins. Ekkert bannar

safninu hinsvegar að sinna slíkum verkefnum í samvinnu við aðrar stofnanir. Sjálfsagt er að Listasafnið og MÍM starfi náði saman.

HLUTVERK MIÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR

Markmið sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar hljóta að vera að efla íslenska myndlist og styrkja starfsumhverfi myndlistar á Íslandi.

Hlutverk sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar er eðlilegt að móta á grundvelli þess hlutverks sem Myndlistarráði er ætlað í lögum, með hliðsjón af reynslunni af miðstöðvum á Íslandi og á Norðurlöndum, samanber greinargerðina að framan, og í ljósi umræðu í rýnihópunum ásamt niðurstöðu svót-greiningarinnar.

MEGINHLUTVERK MIÐSTÖÐVARINNAR GÆTU VERIÐ AÐ

- » annast markvissa kynningu á íslenskri myndlist heima og erlendis,
- » annast almenna ráðgjöf og tengslamyndun heima og erlendis
- » standa vörð um starfsumhverfi myndlistar og stuðla að eflingu þess,
- » skapa samtál og samvinnu á milli ólíkra greina og geira á myndlistarvettvangi,
- » styrkja samstarf við hliðstæðar miðstöðvar á Norðurlöndum og víðar,
- » starfrækja öflugra heimasíðu,
- » að gefa út fréttabréf með upplýsingum um starfsemi miðstöðvarinnar ásamt almennum upplýsingum um myndlist á Íslandi,
- » sinna upplýsingaþjónustu með öflugum gagnagrunni um verk myndlistarmanna og yfirliti um verkefni og rannsóknir í myndlist.

ÖNNUR HLUTVERK VÆRU AÐ

- » stuðla að aukinni fræðslu um myndlist til almennings innanlands,
- » annast yfirlit um alla styrki sem í boði eru, og veita um þá ráðgjöf og upplýsingar,
- » reka upplýsingaveitu um viðburði, sýningar, málþing og ráðstefnur sem tengjast íslenskri myndlist,
- » veita aðstoð í skattalegum efnum við kaup og sölu á listaverkum.

GILDI MIÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRAR MYNDLISTAR

Kjarnagildi Miðstöðvar íslenskrar myndlistar gætu samkvæmt niðurstöðum Svótgreiningarinnar verið fjögur og yrðu þau starfsmönnum og stjórn til leiðbeiningar í daglegum störfum og ákvörðunum.



KYNNING

- » Annast markvissa kynningu íslenskrar myndlistar, heima og erlendis.

RÁÐGJÖF

- » Annast almenna ráðgjöf og tengslamyndun, heima og erlendis.

UPPLÝSINGAVEITA

- » Reka upplýsingaþjónustu með öflugum gagnagrunni um verk myndlistarmanna og yfirliti um verkefni og rannsóknir á myndlistarvettvangi.

STUÐNINGUR

- » Standa vörð um starfsumhverfi myndlistar og stuðla að eflingu þess.

7 – AÐ LOKUM

Fjallað hefur verið um helstu tækifæri og áskoranir við stofnun Miðstöðvar íslenskrar myndlistar. Dregin hafa verið fram helstu atriði í starfsemi hliðstæðra miðstöðva Íslandi og í öðrum norrænum ríkjum. Einnig hefur verið fjallað um viðhorf fjögurra rýnihópa um hvort stofna eigi nýja myndlistarmiðstöð og hver ávinningur yrði af því fyrir hina margvíslegu aðila, fólk, félög, stofnanir og fyrirtæki, sem starfa á myndlistarvettvangi. Skortur á stuðningi við myndlist innanlands er ástæða þessara athugana og skoðana. Benda þær m.a. til þess að eitt meginhlutverk nýrrar miðstöðvar þyrfti að vera að sinna stuðningi við innlendan myndlistarvettvang ólíkt núverandi Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar sem hefur ekki því hlutverki að gegna samkvæmt skipulagskrá. Í öllum rýnihópunum var rætt um hvernig sá stuðningur gæti orðið og m.a. fjallað um hvort hægt yrði að veita öllum sem starfa á vettvangi myndlistar sömu þjónustu.

Komið hefur í ljós að í markvissri kynningu á íslenskri myndlist hér heima ásamt almennri ráðgjöf og tengslamyndun fælist verulegur stuðningur við þann breiða hóp sem starfar við myndlist hérlendis. Það væri einnig mikill ávinningur að því að koma á auknu samtali og samvinnu á milli ólíkra greina og geira á myndlistarvettvangi hér, og að styrkja samstarf við myndlistarmiðstöðvar á Norðurlöndum og víðar.

Verði stofnuð ný miðstöð er eðlilegt að fela henni núverandi hlutverk KÍM þar sem ákveðin þekking og reynsla er nú þegar til staðar. Þar hefur einnig verið byggt upp tengslanet síðastliðin ár við erlendar stofnanir, listamenn og fræðasamfélag sem ber að nýta og efla.

Við stofnun sérstakrar Miðstöðvar íslenskrar myndlistar eru tækifærin fjölmörg, eins og fram hefur komið bæði í samantekt á viðhorfum úr rýnihópum og í svótgreiningu skýrsluhöfundar, en einnig við skoðun á skipulagi og rekstri miðstöðva hérlendis og á Norðurlöndum. Starf MÍM yrði væntanlega viðamikil og kallar á langtímaáætlanir. Því er brýnt að henni yrði tryggður rekstrargrundvöllur til langs tíma í senn, að verkefni séu skýrt afmörkuð til að forðast árekstra við aðrar stofnanir og að aðstandendum miðstöðvarinnar og stjórn sé tryggt faglegt sjálfstæði við úrlausn verkefna. Til þess að tryggja að miðstöðin geti unnið faglega að fyrirliggjandi verkefnum, m.a. að kynningu á íslenskum myndlistarmönnum og myndsköpun þeirra hér á landi, og ráðið til sín fólk við þá vinnu, þarf að tryggja miðstöðinni nægilegt fjármagn strax í upphafi.

Meðal næstu verkefna er að huga að rekstrarformi miðstöðvarinnar og eignarhaldi, einkum hvort hún á að vera ríkisstofnun eða sjálfseignarstofnun. Annarstaðar á Norðurlöndum eru margar miðstöðvar listgreina og hönnunar ríkisreknar stofnanir með ráðgefandi fagrað, og er skynsamlegt að skoða vel hvort slíkt rekstrarfyrirkomulag hentar hér á landi.

Í umræðum í rýnihópunum komu fram þau viðhorf að til þess að halda úti faglegri starfsemi og njóta góðs af kröftum listrænnar sköpunar þyrfti miðstöðin að vera sjálfstæð eining sem ekki lyti utanaðkomandi stjórn.

Margar miðstöðvar í öðrum norrænum löndum vinna að því að auðvelda faglegt samstarf og hvetja til þróunar á sviði lista og hönnunar með styrkveitingum, heimsóknnum erlendra lista- og fræðimanna, ráðstefnum og málþingum. Slík verkefni eru oft unnin af fagraði hvernar listgreinar í samvinnu við ríkið. Má í þessu samhengi hugsa sér að líta til fordæma frá miðstöðvum annarra norrænna ríkja sem hafa náð með markvissum stuðningi og kynningu að auka þátttöku listamanna sinna í alþjóðlegum listviðburðum til mikilla muna, en ekki síður eftir myndlistarvettvang innanlands og skapað honum farsælli framtíð.

HEIMILDIR

Í 2.–4. kafla, um stofnanir, sjóði og samtök hérlendis og um miðstöðvar í hinum norrænu ríkjum, er heimilda einkum aflað á viðkomandi vefsetrum og með samtölum við forsvarsmennina. Þessara heimilda er ekki getið sérstaklega í meginþexta nema með slóð á vefsetrin, sem einnig eru kynnt hér í skrá um heimildir.

Alþingi (2013). *Þingsályktun um menningarstefnu*. 6. mars 2013.

Sótt 12. maí 2014 á www.althingi.is/altext/141/s/1149.html

Bamford, Anne. (2009). *Arts and Cultural Education in Iceland*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík. Á isl. 2011: *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Sótt 11. nóvember 2014 á www.menntamalaraduneyti.is/ahugavert/nr/5966

Frame, Visual Art Finland (e.d.). About us.

Sótt 25. nóvember á www.frame-finland.fi/en/about-us/

Handverk og hönnun (e.d.). Vefsetur.

Sótt 11. september 2014 á www.handverkoghonnun.is/islenska/um-handverk-og-honnun/

Hönnunarmiðstöð Íslands (e.d.). Vefsetur.

Sótt 17. ágúst 2014 á www.honnunarmidstod.is/Honnunarmidstod/

Iaspis (e.d.). About Iaspis.

Sótt 25. nóvember á www.konstnarsnamnden.se/default.aspx?id=11330

Íslensk tónverkamiðstöð (e.d.). Vefsetur.

Sótt 12. júní 2014 á tonverkamidstod.is/

Kulturstyrelsen (e.d.). About the Agency.

Sótt 25. nóvember á <http://www.kulturstyrelsen.dk/english/about-the-agency/>

Kvikmyndalög, nr. 137/2001.

Sótt 4. nóvember 2014 á www.althingi.is/lagas/nuna/2001137.html og 12. júní 2014 á www.kvikmyndamidstod.is/log-og-reglugerd/kvikmyndalog-nr-137-2001/

Kvikmyndamiðstöð Íslands (e.d.). Um Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Sótt 21. ágúst 2014 á www.kvikmyndamidstod.is/Um-Kvikmyndamidstod-Islands/

Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar (e.d.). Role and Goals.

Sótt 7. maí 2014 á icelandicartcenter.is/about-us/the-center/

Leiklistarsamband Íslands (2014). Um Leiklistarsamband Íslands.

Sótt 14. nóvember 2014 á www.stage.is/icelandic/um_okkur/

Listaháskóli Íslands (e.d.). Söguágrip.

Sótt 14. nóvember 2014 á lhi.is/skolinn/um-listahaskolann/soguagrip/

Listasafn Íslands (e.d.). Um safnið.

Sótt 20. nóvember á www listasafn.is/um-safnid/

Listasafn Reykjavíkur (e.d.). Um safnið – Markmið og leiðarljós.

Sótt 20. nóvember á

www listasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-2181/3522_read-6541/

Listfræðafélag Íslands (e.d.). Lög félagsins.

Sótt 19. nóvember á listfraedi.is/index.php?id=78

Listskreytingarsjóður ríkisins (e.d.). Markmið.

Sótt 15. nóvember 2014 á www.listskreytingasjodur.is

Lög um bókmenntir, nr. 91/2007.

Sótt 23. nóvember 2014 á www.althingi.is/lagas/nuna/2007091.html

Lög um listamannalaun, nr. 57/2009.

Sótt 22. nóvember 2014 á www.althingi.is/lagas/nuna/2009057.html

Lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr.

19/1988.

Sótt 26. nóvember á www.althingi.is/lagas/142/1988019.html

Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, Reykjavík.

Sótt 11. nóvember 2014 á www.uton.is/wp-content/uploads/2011/05/Kortlagning_2011.pdf

Menntamálaráðuneytið (2003). Stofnfundur Kynningarmiðstöðvar Íslenskrar myndlistar.

Sótt 23. ágúst 2014 á www.menntamalaraduneyti.is/forsida-stjr2/nr/2516

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (e.d.). Myndlistarsjóður.

Sótt 15. nóvember 2014 á

www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menningarmal/nr/7718

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2012a). *Skapandi greinar – sýn til framtíðar*. Úttekt á stöðu og tillögur um bætt starfsumhverfi. Starfshópur um skapandi greinar. Ritstjóri Ása Richardsdóttir.

Sótt 14. júní 2014 á

www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syntil-framtidar.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2012b). Framlag til kynningarmiðstöðva listgreina aukið.

Sótt 22. maí 2014 á www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6654

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2013). *Samningur undirritaður við Nýlistasafnið*

Sótt 26. nóvember 2014 á www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7468

Miðstöð íslenskra bókmennta (e.d.). Um okkur. Stjórn. Lög.

Sótt 4. maí 2014 á www.islit.is/um-okkur

Myndlistarlög, nr. 64/2012.

Sótt 4. nóvember 2014 á www.althingi.is/altext/140/s/1501.html

Myndlistarráð, sjá Myndlistarsjóður.

Myndlistarsjóður (e.d.) – Reglur. – Myndlistarráð.

Sótt 25. nóvember 2014 á myndlistarsjodur.is/

Myndstef (e.d.). Um Myndstef – Hvað er myndstef?

Sótt 20. nóvember 2014 á myndstef.is

Muggur, sjá Samband ísl. myndlistarmanna

Nýlistasafnið (e.d.). Um Nýlól.

Sótt 25. nóvember 2014 á www.nylo.is/IS/about/location/

OCA – Office for Contemporary Art Norway (e.d.). About OCA.

Sótt 25. nóvember 2014 á www.oca.no/about/

Rannís (e.d.). Listamannalaun.

Sótt 24. nóvember 2014 á www.rannis.is/sjodir/menning-listir/starfslaun-listamanna/

Samband íslenskra myndlistarmanna (e.d., a). SÍM (á upphafssíðu).

Sótt 15. nóvember á sim.is/sim/

Samband íslenskra myndlistarmanna (e.d., b). Muggur.

Sótt 15. nóvember á sim.is/sim/muggur/

Statens Kunstfond (e.d.). Danish Arts Foundation – Who we are and how we work.

Sótt 25. nóvember á www.kunst.dk/english/danish-arts-foundation/

Stjórnarráð Íslands (2005). Skipulagskrá fyrir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar nr. 1998/2005.

Sótt 25. nóvember á brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/skipulagsskrar11982005

Útflutningskrifstofa íslenskrar tónlistar (e.d.). Um ÚTÓN.

Sótt 17. ágúst 2014 á www.uton.is/um-uton

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Sýningar innlendra myndlistarmanna. Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011, bls. 66.

Mynd 2. Félagatala Sambands íslenskra myndlistarmanna eftir aðildarfélögum 1996–2009. Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011, bls. 68.

VIÐAUKI / MYNDLISTARÞING - STARFSUMHVERFI MYNDLISTAR, HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi,

28. nóvember 2014.

Samantekt unnin af Eddu Halldórsdóttur.

Dagskrá

16:00 Setning - Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis, flytur ávarp.

16:10 Myndlistarráð - Kristján Steingrímur Jónsson, formaður myndlistarráðs, gerir grein fyrir helstu verkefnum ráðsins.

16:20 Tækifæri og áskoranir - Ásdís Spanó kynnir skýrslu myndlistarráðs um starfsvettvang myndlistar.

16:40 Kaffihlé

16:50 Starfsumhverfi myndlistar -

Elín Hansdóttir myndlistarmaður fjallar um starfsumhverfi myndlistarmanna.

Hlynur Hallsson safnstjóri fjallar um starfsumhverfi sýningarstjóra.

17:10 Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar (KÍM) -

Björg Stefánsdóttir framkvæmdastjóri fjallar um starfsemi KÍM.

17:20 Vinnuborð og umræður - umsjón Hlynur Helgason, listfræðingur.

Fundarstjóri – Hlynur Helgason

Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis, flytur ávarp og byrjar á því að bera kveðju frá Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra sem gat ekki verið viðstaddur þingið. Ásta fjallar um mikilvægi myndlistar í samélaginu, bæði í einkalífinu og á opinberum vettvangi. Myndlistarmenn eru skapandi afl og aðstæður þurfa að vera til staðar sem gera myndlistarfólki kleift að starfa. Hlutverk stjórnvalda á þessu sviði er að skapa gott

starfsumhverfi fyrir þá sem starfa innan myndlistargeirans. Það er ekki að leynd að myndlistarmenn hafi verið afskiptir af stjórnvöldum og hafa minni möguleika á opinberum styrkjum en aðrar starfsgreinar.

Spurningin er hvernig takmörkuðu fé er best varið innan myndlistargeirans. Á sviði myndlistar veitir ríkið meðal annars fé til KÍM, í íslenska skálann á Fenejvatvíæringnum, til reksturs SÍM og Listasafns Íslands auk þess að reyna að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að; í launasjóð listamanna og Myndlistarsjóð, og er ríkið þar með að veita myndlistinni það sem það getur. Alltaf má þó gera betur og þar sem samkeppni um ríkisfé er gríðarleg er mikilvægt að vinna allar tillögur vel.

Myndlistarsjóður var 45 milljónir króna í fjárlögum 2013, en 25 milljónir í fjárlögum 2014. Í fjárlagafrumvarpi komandi árs 2015 er lagt til að Myndlistarsjóður verði lækkaður í 15 milljónir. Vegna mikillar umræðu og þrýstings eru líkur á að upphæðin muni hækka. Ásta getur ekki upplýst neitt að svo stöddu en vonar það besta, að hækkun verði. [Viðbót: Í breytingartillögum vegna 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga ársins 2015 er komin fram tillaga um að hækka framlag í Myndlistarsjóð um 10 m.kr., þannig að það verði óbreytt frá því sem er í fjárlögum 2014, þ.e. 25 m.kr.].

Myndlistarþingið er sett.

Kristján Steingrímur Jónsson, formaður myndlistarráðs, fjallar um helstu verkefni ráðsins. Myndlistarráð kom fyrst saman í febrúar 2013 og var fyrsta verkefnið að semja reglur og skapa umgjörð utan um Myndlistarsjóð sem er eini opinberi sjóðurinn á sviði myndlistar á Íslandi. Augljóst er að efla þarf Myndlistarsjóðinn og hækka framlög til jafns við sambærilega sjóði á borð við Hönnunarsjóð, Tónlistarsjóð og Kvikmyndasjóð. Fagnaðarefni er að verið sé að endurskoða framlag til Myndlistarsjóðs árið 2015 en slíkt er forsenda fyrir myndlist sem atvinnugrein í landinu. Myndlistarráð leggur áherslu á að efla starfsvettvang myndlistar og fagumhverfi þarf að vera skýrt. Stóra verkefnið framundan hjá myndlistarráði er umrædd stofnun Miðstöðvar íslenskrar myndlistar (MÍM) sem myndi vinna að málefnum myndlistar innanlands og erlendis. Ráðið hefur kannað viðhorf fagfélaga, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar (KÍM) og annarra hlutaðeigandi til stofnunar miðstöðvarinnar og leggur hér formlega til að miðstöðin verði stofnuð. Meðal annarra málefna sem ráðið áætla að taka nánar fyrir eru skattamál, hvernig sporna megi við listaverkafölsunum og að hlúa að listinnkaupasviði Listasafns Íslands.

Ásdís Spanó kynnir niðurstöður skýrslu sem hún vann fyrir myndlistarráð um starfsvettvang myndlistar og stofnun Miðstöðvar íslenskrar myndlistar. Skýrslunni er ætlað að leiða í ljós hvort þeim sem þekkingu hafa á sviði myndlistar þyki æskilegt að stofna MÍM og einnig að athuga hvort miðstöðin muni geta náð settum

markmiðum stjórnvalda skv. myndlistarlögum. Skýrslan ætti að gagnast öllum sem starfa á sviði myndlistar auk stjórnvalda.

Ásdís fjallar um vinnuna við skýrsluna, uppbyggingu hennar og greinir frá helstu niðurstöðum. SVÓT-greining var unnin til að finna helstu tækifæri og áskoranir sem felast í slíkri miðstöð en greiningin var meðal annars unnin út frá umræðum fjögurra rýnihópa sem settir voru saman til að ræða þessi mál. Þrjár spurningar voru lagðar til grundvallar umræðum rýnihópanna: Hvaða ávinningur hlýst af Miðstöð Íslenskrar myndlistar; hvornig gagnast slík miðstöð og hvaða þjónustu mun hún veita? Hópana fjóra skipuðu fulltrúar: 1) gallería, safnara, útgefenda og uppboðshaldara, 2) safnamanna og sýningarstjóra, 3) myndlistarmanna og 4) háskólamanna.

Við gerð skýrslunnar gerði Ásdís úttekt á kynningarmiðstöðvum skapandi greina á Íslandi en með stofnun þeirra var leitast við að færa faglega stefnumótun á umræddu sviði úr ráðuneytunum yfir á sviðið sjálft. Miðstöðvarnar hafa ólík rekstrarform og starfa eftir mismunandi áherslum en átta miðstöðvar voru teknar fyrir og í skýrslunni er greint frá hlutverki þeirra og markmiðum og rekstrarform þeirra og vinnulag skoðað.

Einnig var í skýrslunni gerður samanburður við fjórar norrænar kynningarmiðstöðvar myndlistar: Kulturstyrelsen í Danmörku, Iaspis í Svíþjóð, Office for Contemporary Art Norway í Noregi og Frame Visual Art í Finnlandi.

Niðurstöður skýrslunnar voru meðal annars þær að með stofnun nýrrar miðstöðvar myndi myndlistarvettvangurinn innanlands eflast og starfsemi KÍM yrði felld undir nýja miðstöð svo aðeins væri um eina stofnun að ræða. Auka þarf fjárframlög til myndlistar og huga að rekstrarformi stofnunarinnar. Skapa þarf samstöðu og samvinnu þeirra sem starfa við myndlist á Íslandi.

Allar þær upplýsingar sem Ásdís varpaði ljósi á í erindi sínu koma fram í skýrslunni sem verður birt opinberlega síðar.

Kaffihlé

Elín Hansdóttir myndlistarmaður fjallar um starfsumhverfi myndlistarmanna en Elín hefur getað unnið sem myndlistarmaður án þess að hafa aukavinnu þrátt fyrir að verk hennar séu iðulega dýr í framkvæmd og ósöluvæn. Fjárfesting í 8 ára háskólanámi hefur engin áhrif haft á launakjör hennar. Verkefni hennar hafa verið sett upp víðs vegar um heiminn og hún hefur reynslu af því að vinna við ólíkar aðstæður með mismikið fjármagn. Í flestum tilvikum bjóða sýningarstjórar henni að sýna með 3-12 mánaða fyrirvara. Aðalspurningin við framkvæmd verkefna er hvornig á að fjármagna það. Við gerð fjárhagsáætlana þarf að útlista alla styrki frá heimalandinu en á Íslandi eru ekki margir styrkir til að sækja um til sýningarhalds.

Sjaldnast er gert ráð fyrir launum til listamanna þegar gerðar eru fjárhagsáætlanir og oftast eru þau í formi táknræns fjár (e. symbolic fee) að upphæð um 500-1500 evrur. Elín nefnir grein í nýjasta tölublaði Störu, rits SÍM, þar sem Eirún Sigurðardóttir myndlistarmaður ber saman kjör myndlistarmanna sem boðið er að sýna hjá Listasafni Íslands og kjör lausráðinna leikstjóra sem er boðið að sýna hjá Þjóðleikhúsinu. Myndlistarmaður og leikstjóri bera sambærilega ábyrgð gagnvart sýningum sínum en á engan hátt eru þeim boðin sambærileg kjör fyrir vinnu sína.

Elín vinnur staðbundnar innsetningar og við gerð sýninga þarf hún gjarnan að útbúa „plan a, b og c“ sem velta á því hvernig gengur að fjármagna verkefnið. Ekki má gleyma rekstri sjálfs listamannsins en hann þarf að borga leigu af vinnustofu, laun til aðstoðarmanna, símkostnað, skatt og fleira. Gott er að geta sótt um listamannalaun en þau eru greidd sem verktakalaun og af um 300 þúsund krónum er ekki mikið sem eftir stendur eftir skatt. Elín tekur sem dæmi kerfið í Þýskalandi þar sem allir styrkir eru undanþegnir skatti og bendir á að þannig væri gott að listamannalaun væru.

Að lokum dregur Elín fram merg málsins úr erindi sínu; almennt viðhorf er að framleiðsla á innihaldi myndlistar sé ókeypis. Greiða verður fyrir framleiðslu listarinnar til að tryggja gæði hennar.

Hlynur Hallsson safnstjóri Sjónlistamiðstöðvarinnar á Akureyri fjallar um starfsumhverfi sýningarstjóra á Íslandi. Listmarkaðurinn á Íslandi er lítill en hér eru ekki margir safnara eða viðskiptagallerí, ekki margir myndlistarmenn sem lifa á því að vera eingöngu listamenn og fáir sjálfstætt starfandi sýningarstjórar. Hlynur veltir fyrir sér hvað vanti og hver sé óskastaðan; það vantar meiri aðstoð við sjálfstætt starfandi sýningarstjóra og auðvelda ætti þeim að setja upp sýningar erlendis til að sýna íslenska myndlist og til að setja hana í samhengi við það sem er að gerast erlendis. Þjóða ætti erlendum sýningarstjórum í auknum mæli til Íslands til að kynna íslenskum listamönnum. Mikilvægt er að styðja við unga sýningarstjóra og nýta sér tengsl sem þeir mynda erlendis í námi en ekki þarf mikið fjármagn til að koma þessu í farveg og koma þeim áfram.

Hlynur varpar ljósi á þá staðreynd að því meira fjármagn sem er fyrir hendi því betur sé hægt að gera hlutina og hægt að gera meira úr þeim. Flestir fá þá vonandi borgað fyrir vinnu sína en tilhneigingin er sú að laun til myndlistarmanna koma alltaf síðast, ef fjármagn er eftir þegar allt annað er komið. Hlynur veltir fyrir sér hvort að með stofnun nýrrar miðstöðvar íslenskrar myndlistar væri verið að dreifa kröftunum og spyr hvort ráðuneytið muni þá koma með aukið fjármagn til myndlistar? Hann bendir á að Myndlistarsjóður hafi ekki verið stofnaður af góðvild einni saman heldur hafi í honum sameinast aðrir sjóðir sem þá voru felldir niður í leiðinni. Viðhorf Hlyns er að ef Miðstöð íslenskrar myndlistar yrði til þess að auka fjármagn og styðja og styrkja myndlistina þá sé það gott en ef ekki sé betra að beita sér á öðrum vettvangi.

Björg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvar Íslenskrar myndlistar, fer yfir sögu, markmið og helstu verkefni KÍM. Miðstöðin var stofnuð árið 2006 og er sjálfseignarstofnun. Markmið skv. stofnskrá eru margþætt og Björg telur upp þau helstu. Meðal verkefna sem falla undir starfsemi KÍM eru íslenski skálinn á Fenejvatvíæringnum, styrkir til myndlistarmanna, Sequences myndlistarhátíð, fyrirlestraröðin Talk series og margt fleira. Björg fjallar stuttlega um hvert verkefni fyrir sig. Hún fer yfir fjármögnun KÍM en miðstöðin er á fjárlögum Mennta- og menningarmálaráðuneytis og hefur 22,7 milljónir til árlegs reksturs. Aðrir aðilar sem styðja starfsemi KÍM eru Íslandsstofa, Goethe Institut, sendiráð, utanríkisráðuneytið og einkaaðilar.

VINNUBORÐ OG UMRÆÐUR

Að loknum erindum er þinginu skipt upp í sjö umræðuhópa sem ræða hlutverk, tilgang og aðferðir Myndlistarstofu/Miðstöðvar Íslenskrar myndlistar. Þrjár spurningar eru lagðar umræðunum til grundvallar:

- Hver ættu helstu markmið Myndlistarstofu að vera?
- Hvaða aðferðir væru líklegastar til að ná þeim markmiðum?
- Hvernig er æskilegt að Myndlistarstofa sé skipulögð til þess að ná megi ætluðum markmiðum?

Að loknum um hálf tíma umræðum kynnir hver hópur niðurstöður sínar.

Hópur 1 [Magnús Gestsson, Erla Þórarinsdóttir, Gerla Geirsdóttir, Kristín Gunnlaugsdóttir, Jóna Hlíf Gold, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Kristjana Rós Guðjohnsen].

Markmið - Öflun fjármagns til myndlistar væri eitt af markmiðum miðstöðvarinnar ásamt því að kynna innlenda og erlenda myndlist á Íslandi og kynna íslenska myndlist erlendis. Auk þess að líta til og stofna til samstarfs við kynningarmiðstöðvar á Norðurlöndunum mætti leita í auknum mæli til Bretlands, Bandaríkjanna og meginlands Evrópu.

Aðferðir - Hópurinn leggur til stofnun nýs ráðuneyti sem myndi sinna menningarmálum með áherslu á listir, nýsköpun og frumsköpun. Miðstöðin þyrfti að byggja upp öflugt tengsla- og stuðningsnet og stofna þróunarsjóð.

Skipulag - Tryggja þyrfti MÍM grunnfjármagn frá ríkinu sem myndi gerast með stofnun myndlistarráðuneytis. Starfsfólk ráðuneytisins væri með þekkingu á myndlist og menntun til að sinna því verkefni.

Hópur 2 [Berghildur Bernharðsdóttir, Hafþór Yngvason, Rakel Steinarsdóttir, Birta Guðjónsdóttir, Aðalheiður Guðmundsdóttir].

Markmið - Fyrsta atriði Myndlistarstofu væri að efla kynningu á myndlist innanlands og erlendis. Hún myndi sjá um styrki til framleiðslu myndlistar og hlúa að verkefnum myndlistarmanna og fræðimanna, rannsóknarstarfi og samstarfi fólks í myndlistarumhverfinu. Mikilvægt er að hugsa um myndlistarumhverfið sem eina heild og tengja saman myndlistarsamfélagið. Miðstöðin myndi því örva tengsl milli stofnana. Miðstöðin myndi sinna ráðgjöf til myndlistarmanna og vera gagnabanki og vettvangur fyrir upplýsingar um sýningar en í því samhengi nefnir hópurinn sérstaka árbók sem gerð er í Noregi yfir allar sýningar sem þar fara fram. Miðstöðin yrði þrýstiafl fyrir myndlistarvettvanginn, t.d. gagnvart fjölmiðlum og huga þarf að aukinni hagsmunabaráttu.

Aðferðir - Flestir í hópunum voru hrifnir af skýrslunni og leggja til að hugmyndir sem þar komu fram verði notaðar til áframhaldandi vinnu við stofnun miðstöðvarinnar. Hópurinn leggur áherslu á að skapa betri umræðugrundvöll fyrir stofnunina og fá hagsmunaaðila til að tala saman.

Skipulag - Miðstöðin yrði með litla yfirbyggingu og fólk yrði fengið inn í einstaka verkefni. Efla þurfi samstöðu innan greinarinnar og miðstöðin myndi halda úti öflugri og opinni upplýsingaveitu.

Hópur 3 [Unnar Örn Jónasson, Hulda Stefánsdóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Elín Hansdóttir, Steingrímur Eyfjörð].

Hópurinn leggur áherslu á að við séum ekki á núllpunkti og að sú þekking sem til er glatist ekki, heldur þurfi að byggja á henni. Passa þarf að þær stofnanir sem starfa á sviði myndlistar á borð við SÍM, KÍM/MÍM og Listasafn Íslands sinni ekki allar sömu verkefnum heldur þarf verkaskipting og hlutverk að vera vel skilgreint. SÍM er þrýstihópur/stéttarfélag og má ekki glata hlutverki sínu hvað það varðar. Listasafn Íslands á að halda utan um upplýsingar um myndlist og myndlistarmenn og sinna öðrum lögbundnum skyldum sínum. Stofnanirnar mega ekki vinna einvörðungu fyrir sjálfar sig heldur þurfa þær að þjóna. Hópurinn spyr hver yrði nálgun nýrrar miðstöðvar við listamenn og hvernig samskipti hennar yrðu við vettvanginn? Ný miðstöð mætti ekki vera leið til niðurskurðar hjá ráðuneytinu heldur þyrfi að passa að fjármagn væri tryggt. Íslenski skálinn á Fenejvatvíæringnum ætti að vera sérdeild innan stofnunarinnar og hafa aðskilinn fjárhag.

Hópur 4 [Blað vantar].

Hópurinn spyr hvort fyrirjáanlegt sé að ný miðstöð fái rekstrarfé og geti sinnt markmiðum sínum en fyrsta mál á dagskrá sé að tryggja það og að stofnunin hafi möguleika á að verða lifandi stofnun. Hvort hún verður ríkisstofnun eða

séreignarstofnun þarf að huga að þar sem rekstrarformið ákvarðar hverjir yrðu við stjórn. Skapa þarf betri vettvang fyrir myndlistarmenn til að sinna starfi sínu og nauðsynlegt að sjá til þess að myndlistarmenn fái greitt fyrir vinnu sína. Auka þarf virðingu og jákvæðan áhuga á myndlist og ekki eingöngu styðja við bakið á ungum myndlistarmönnum heldur líka þeim sem eldri eru.

Hópur 5 [Inga Jónsdóttir, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Dagný Heiðdal, Rúrí, Guðjón Ketilsson, Pétur Thomsen, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Katrín Elvarsdóttir].

Markmið - Meðal markmiða nýrrar miðstöðvar væri að efla faglegan grunn myndlistarsviðsins, þ.e. efla möguleika og efla markaðinn. Alþjóðavæða þarf hugsunarháttinn á Íslandi m.t.t. myndlistar og miðstöðin myndi þurfa að starfa inn á við og út á við. Efla þarf almenna vitund og virðingu fyrir myndlist. Aukið fjármagn er grundvallaratriðið. Miðstöðin myndi vera virkur aðili sem fylgist með senunni og yrði ráðgefandi fyrir stjórnýsluna.

Aðferðir - Menntamálaráðherra ber ábyrgð á myndlistarsviðinu og ber að sækja fé í greinina. Hvetja þarf fyrirtæki til að móta sér stefnu um stuðning við myndlist og veita þeim ráðgjöf þar um. Grundvallaratriðið er að veita fé til myndlistar.

Skipulag - Hópurinn leggur áherslu á að miðstöðin yrði ekki sjálfseignarstofnun, því ekki megi fria ríkið ábyrgð. Miðstöðin yrði ekki tveggja manna stofnun heldur deildarskipt eftir viðfangsefnum og fagrað yrðu skipuð í mismunandi verkefni. Í stjórn yrði breiður hópur fagaðila.

Stutt hlé er gert á kynningum umræðuhópa og Hlynur Helgason fundarstjóri les upp ályktun um að þingið mótmæli fyrirhuguðum niðurskurði til Myndlistarsjóðs á næsta ári. Ályktunin er samþykkt og er hún svohljóðandi:

Fundurinn mótmælir niðurskurði til Myndlistarsjóðs úr 45 milljónum í 15 milljónir. Fundurinn hvetur stjórnvöld til að leiðrétta skerðinguna til sjóðsins og hækka framlög til jafns við sambærilega sjóði.

Hópur 6 [Nöfn vantar].

Markmið - Hlutverk Myndlistarstofu gæti verið að sinna kynningu myndlistar innanlands, t.d. í skólum og til fyrirtækja og einkageirans til að hann kæmi meira að styrkjum og uppbyggingu. Hópurinn leggur áherslu á mikilvægi fagmennsku og að miðstöðin veiti ráðgjafþjónustu.

Aðferðir - Beyta þarf orðræðunni um starfsgreinina og vinna í ímyndarsköpun með því að ráða almannatengslasérfræðing.

Skipulag - Hópurinn veltir fyrir sér hvort reynsla myndi glatast við stofnun MÍM og hvort stofnunin myndi skarast við margt sem fyrir er til. Hópurinn bendir á að kostnaður mætti ekki fara allur í yfirbyggingu. Myndlistarstofa nær yfir KÍM, hluta af SÍM og Myndlistarráð/-sjóð.

Hópur 7 [Haraldur Jónsson, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Þórarinn Blöndal, Ólöf Nordal, Erling Þ.V Klingenberg, Anna Rún, Kristín Gunnarsdóttir].

Markmið - Horfa þarf inn á við og skapa faglegan vettvang fyrir myndlistarmenn innanlands. Mikilvægt er að safna saman þeim upplýsingum sem eru til, t.d. hjá UMM (umm.is, upplýsingavefur um myndlist og myndhöfunda á Íslandi) og annarra arkíva en upplýsingar liggja á við og dreif. Kjörið hlutverk fyrir nýja stofnun væri að sameina þessa upplýsingabanka og halda til haga einum öflugum upplýsingabrunni.

Aðferðir - Auka þarf gagnsæi gagnvart myndlistarmönnum og opna aðgengi að stofnuninni.

Skipulag - Það er vöntun á kynningu á íslenskri myndlist innanlands en meginmunur á MÍM og KÍM væri sá að nýrri stofnun væri fært það hlutverk að sjá líka um kynningu innanlands. Styrkja þarf KÍM sem er fyrir og hafa skýr markmið.

Að loknum kynningum umræðuhópa fær Kristján Steingrímur orðið og áréttar að ljóst sé að ekki yrðu til tvær miðstöðvar heldur yrði KÍM endurstofnuð til að færa henni það hlutverk að kynna myndlist innanlands. Þeirri reynslu sem KÍM hefur aflað sér yrði ekki fórnad.

Hlynur Helgason fundarstjóri þakkar fyrir frábæra umræðu og segir að þó mörg úrlausnarefni séu útkljáð sé nú komin mikilvæg grasrótarniðurstaða frá fundinum.

Að lokum kveður Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur á skrifstofu menningarmála hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sér hljóðs. Hlutverk myndlistarráðs er skilgreint í lögum og því er ekki hægt að veita því víðtækara hlutverk (þ.e. hlutverk „út á við“ eins og KÍM gegnir nú skv. samningi við ráðuneytið) án lagabreytinga. Ef stofnað yrði til MÍM þarf það að gerast hægt en ekki í stórum stökkum og heildarsýn þarf að liggja fyrir áður en gengið yrði til breytinga. Þá væri hægt að sjá hvort mögulegt yrði að sameina hlutverk og skyldur myndlistarráðs/Myndlistarsjóðs annars vegar og KÍM hins vegar á einum vettvangi. Mögulega yrði það hægt án lagabreytinga, en það færi eftir því hvernig málið yrði lagt upp. Aðalatriðið er að

Þetta gerist með samhæfðu og samræmdu starfi allra á þessum vettvangi, því það væri líklegast til árangurs.

Fundarstjóri slítur þinginu kl. 18:38.